

HAFNARFJÖRÐUR

Fræðslu- og frístundáþjónusta Hafnarfjarðar

Grunnskólar

Skólavogin 2016-2017

- Samantekt á niðurstöðum fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar -



Hafnarfjörður
OKTÓBER 2017

© Fræðslu- og frístundaþjónusta Hafnarfjarðar OKTÓBER 2017

Skrifstofa fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar
Linnetsstíg 3
220 Hafnarfjörður
Sími 585 5800

Netfang: skolaskr@hafnarfjordur.is
Veffang: www.hafnarfjordur.is

Forsíðumyndir: Íþróttamót grunnskóla Hafnarfjarðar í maí 2017

Formáli

Þessi skýrsla er samantekt á viðhorfakönnunum Skólapúlsins sem er verkfæri í innra mati grunnskóla Hafnarfjarðar. Skólapúlsinn myndar sameiginlegan gagnagrunn á niðurstöðum allra skólanna inn í Skólavogina og nýtist sem verkfæri í ytra mati bæjarins. Þetta er fjórða árið sem svona samantekt er gerð og birt opinberlega í skýrslu.

Það er hluti af verkefnum sveitarfélaga að sinna ytra mati á grunnskólunum í samræmi við lög um grunnskóla nr. 91/2008. Skólaárið 2016-2017 er fjórða skólaárið sem allir grunnskólarnir í Hafnarfirði nota Skólapúlsinn til að leggja mat á starf sitt. Þátttaka bæjarins í verkefninu hófst formlega vorið 2013 þegar bærinn keypti aðgang að Skólavoginni en grunnskólar bæjarins hófu notkun á Skólapúlsinum á mismunandi tíma. Það ræðst af notagildi skýrslunnar fyrir hagsmunaðila hvort svona samantekt verður gerð áfram og þá hvernig hún þróast en skýrslugerðin er hluti af ytra mati bæjarins á grunnskólunum.

Í skýrslunni eru dregnar fram helstu niðurstöður Skólapúlsins fyrir Hafnarfjörð (Skólavogin) skólaárið 2016-2017. Kannanir voru lagðar fyrir nemendum og foreldra um viðhorf þeirra til starfsemi skólanna, en í ár var ekki gerð starfsmannakönnun eins og fyrri árin. Er það vegna þess að á vegum bæjarins var gerð starfsmannakönnun í öllum stofnunum hans. Markmið skýrslunnar er að gefa mynd af stöðu hvers skóla, þeir geti borið sig saman við aðra skóla í Hafnarfirði og séð meðaltal annarra skóla sem eru í Skólavoginni. Ennfremur að fræðsluyfirvöld sjái samanburð við meðaltöl annarra sveitarfélaga á landinu sem eru í Skólavoginni. Lista yfir þátttökuskóla á landinu má sjá á www.skolapulsinn.is. Tilgangurinn er að skólarnir geti nýtt niðurstöður og samanburð til að sjá hvað vel tekst til og finna sér sóknarfæri og umbótaverkefni. Einnig að aðrir hagsmunaaðilar skólastarfsins, s.s. foreldrar og fræðsluyfirvöld, fái góða yfirsýn yfir stöðu skólanna og bæjarins í heild í samanburði við aðra og geti lagt sitt af mörkum lögum samkvæmt til að aðstoða skólanna á grundvelli þessara meginlegu gagna.

Skýrslan er unnin af Erlu Guðjónsdóttur, MA í mati á skólastarfi og fyrrverandi skólastjóra Öldutúnsskóla. Skýrslan er byggð á grunni sem unninn var sumarið 2014 af Arnóri Heiðarssyni, grunnskólakennara í Hafnarfirði sem var þá MPA nemi Háskóla Íslands í opinberri stjórnarsýslu með sérhæfingu á sviði stjórnunar menntastofnana undir leiðsögn þróunarfulltrúa grunnskóla. Skýrslan er þó á ábyrgð Vigfúsar Hallgrímssonar, þróunarfulltrúa grunnskóla á Skrifstofu fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar.

Uppbygging skýrslunnar er á þann veg að á eftir efnisyfirliti kemur samantekt og inngangur. Þá tekur við kafli sem kynnir Skólapúlsinn og Skólavogina. Meginkaflinn er samantekt á niðurstöðum úr viðhorfakönnunum nemenda og foreldra einstakra grunnskóla í Hafnarfirði með sérstakri samantekt í upphafi fyrir bæinn í heild. Aftan við skýrsluna er viðauki:

- Viðauki 1: Niðurstöður hverrar samantektarspurningar einstakra skóla kynntar ásamt flokkun út frá meðaltali Skólavogarinnar (grænt, gult og appelsínugult).
- Viðauki 2: Spurningar sem eru í nemendakönnun Skólapúlsins.
- Viðauki 3: Spurningar sem eru í foreldrakönnun Skólapúlsins.

Efnisyfirlit

Formáli	3
Samantekt	7
Inngangur	8
1. Skólalúpsinn, Skólavogin og aðferðafræði þeirra	Error! Bookmark not defined.
2.0 Hafnarfjörður.....	11
2. Niðurstöður fyrir Hafnarfjörð og einstaka skóla	15
2.1 Áslandsskóli	16
2.2 Hraunvallaskóli	19
2.3 Hvaleyrarskóli	22
2.4 Lækjarskóli.....	25
2.5 Setbergsskóli.....	28
2.6 Víðistaðaskóli.....	31
2.7 Öldutúnsskóli.....	34
2.8 Rekstrarupplýsingar.....	37
3. Hvað svo?.....	38
Viðauki	40
Viðauki 1: Samantekt kannana	41
Nemendakönnun*	41
Foreldrakönnun	42
Viðauki 2: Nemendakönnun – útskýringar á spurningum	47
1. VIRKNI.....	47
1.1 Ánægja af lestri.....	47
1.2 Þrautseigja í námi	47
1.3 Áhugi á stærðfræði.....	48
1.4 Ánægja af náttúrufræði.....	48
1.5 Trú á eigin vinnubrögð í námi.....	48
1.6 Trú á eigin námsgetu	49
2. LÍÐAN.....	49
2.1 Sjálfsálit	49
2.2 Stjórn á eigin lífi.....	50
2.3 Vellíðan.....	50
2.4 Einelti.....	51
2.5 Tíðni eineltis	51
2.6 Hreyfing	52

2.7 Mataræði.....	52
3. SKÓLA- OG BEKKJARANDI	52
3.1 Samsömun við nemendahópinn.....	52
3.2 Samband nemenda við kennara.....	53
3.4 Virk þátttaka nemenda í tímum	53
3.5 Mikilvægi heimavinnu í náminu	54
Viðauki 3: Foreldrakönnun – útskýringar á spurningum	54
1. NÁM OG KENNSLA.....	54
1.1 Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum.....	54
1.2 Nám í takt við grunnstoðir aðalnámskrár að mati foreldra.....	55
1.3 Ánægja foreldra með stjórnun skólans	55
1.4 Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra.....	55
1.5 Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	55
2.1 Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	55
2.2 Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda.....	56
2.3 Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	56
2.4 Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt.....	56
2.5 Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	56
2.6 Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra	56
2.7 Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	56
2.8 Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	57
2.9 Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans.....	57
2.10 Meðaltímabil eineltis.....	57
2.11 Staðir innan skólans sem einelti á sér stað	57
3. AÐSTAÐA OG ÞJÓNUSTA	57
3.1 Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	57
3.2 Ánægja foreldra með tómskundapjónustu/frístundaheimili.....	58
3.3 Hlutfall nemenda í tómskundapjónustu/frístundaheimili	58
3.4 Ástæður þess að tómskundapjónusta/frístundaheimili er ekki notað	58
3.5 Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti	59
3.6 Notkun á mötuneyti	59
3.7 Ástæður þess að nemendur nýta ekki mötuneyti	59
4. FORELDRASAMSTARF	59
4.1 Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi.....	59
4.2 Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	59
4.3 Leitað eftir ábendingum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina.....	60

4.4 Þættir í skólastarfinu sem foreldrar hafa áhrif á	60
4.5 Þættir í skólastarfinu sem foreldrar vilja hafa meiri áhrif á.	60
4.6 Ánægja með síðasta foreldraviðtal	60
4.7 Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali	60
4.8 Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	61
4.9 Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	61
4.10 Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	61
4.11 Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	61
5 HEIMASTUÐNINGUR.....	61
5.1 Virkni foreldra í námi barna sinna	61
5.2. Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið	61
5.3 Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í námi	62
5.4. Hæfileg heimavinna að mati foreldra.....	62
5.5. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	62
5.6 Væntingar foreldra um menntunarstig barns síns	62

Samantekt

Þessi skýrsla er samantekt úr viðhorfakönnunum sem lagðar voru fyrir nemendur og foreldra allra grunnskóla sem Hafnarfjarðarkaupstaður starfrækir skólaárið 2016-2017. Kannanirnar eru stafrænar og lagðar fyrir úrtak nemenda í 6. til 10. bekk og úrtak foreldra nemenda í 1. til 10. bekk. eftir kerfi sem fyrirtækið Vísar ehf. heldur úti og selur skólum (Skólapúlsinn) og sveitarfélögum (Skólavogin).

Niðurstöðurnar sem hér eru kynntar eru nokkurs konar árangursmat út frá viðhorfum. Það er mat foreldra og nemenda á starfsemi skólanna út frá viðhorfum þeirra sem þó geta ekki talist raunmælingar á árangri. Því skal skoða niðurstöðurnar út frá þeim sjónarmiðum að engin viðmið eru til að meta niðurstöður viðhorfamælinganna nema meðaltöl annarra skóla/sveitarfélaga. Viðhorfakannanir eru ein aðferða til að afla upplýsinga en viðhorf endurspegla ekki endilega árangur þótt þau gefi til kynna ákveðin sjónarmið sem mikilvægt er að virða. Óljóst er því hvenær ber að taka niðurstöður alvarlega því að í spurningakönnunum felast annmarkar á því að afla upplýsinga um veruleikann, t.d. varðandi það hvernig spurning er skilin af þeim sem svarar. Að því sögðu eiga viðhorfamælingar samt að geta veitt mikilvægar upplýsingar þó að túlkun þeirra sé alltaf stór þáttur í matsframkvæmd líkt og þessi skýrslugerð er.

Meginniðurstöður skýrslunnar er að það eru ákveðin viðhorf foreldra sem ganga í gegnum alla skólana og endurspegla ákveðinn samhljóm innan bæjarins, líklega út frá því sjónarmiði að það er áþekkt skipulag á grunnskólastarfinu í bænum í heild. Það er t.d. aukin óánægja foreldra með hádegismat í grunnskólunum þar sem um aðkeyptan mat er að ræða (á því ekki við um Áslandsskóla). Dreigið hefur úr óánægja með aðstöðu í skólum og starfsemi frístundaheimila frá fyrri árum en að því er virðist neikvæðari viðhorf foreldra til faglega starfsins (nám og kennsla) ef eitthvað er. Varðandi viðhorf til skólastarfs í einstaka skólum eru þau breytileg eftir skólum, jákvæð sem neikvæð og eitthvað sitt á hvað eftir skólum sömuleiðis þótt það megi líka greina ákveðinn mun milli einstakra skóla í sumum tilvikum. Engin ákveðin lína virðist þó vera í gangi en einstaka skólar eigi að sjá tækifæri þar til sóknar eða frekari skoðun á viðhorfum foreldra/nemenda sem eru neikvæðari en í öðrum skólum – því Skólapúlsinn/-vogin gefa samanburðarhæfar niðurstöður milli skóla og sveitarfélaga.

Í heildina séð er það mat skýrsluhöfunda að niðurstöður Skólavogarinnar gefi tækifæri til sóknar og frekari árangurs sé tekið mið af viðhorfum hagsmunaaðila til grunnskólastarfsins í Hafnarfirði þótt þau séu mismunandi milli skóla og hafi breyst jafnvel milli ára. Þegar litið er yfir sviðið í heild gefa niðurstöður einnig til kynna hversu skólastarf er flókið og þarf að takast á við margbrotin samfélagsleg markmið þar sem umhverfi skólans er ekki síður áhrifavaldur en það sem gerist innan hans. Ábyrgð sveitarfélags, skóla/starfsfólks, foreldra og nemenda þarf að vera sameiginleg svo skólarnir nái þeim markmiðum sem eru í sigtinu hverju sinni. Viðhorf hagsmunaaðila til skólastarfsins skipta þar miklu máli. Í þeim tilgangi er þessi skýrsla unnin sem leiðarvísir um þætti sem eru nauðsynlegir til frekari skoðunar og þróunar.

Inngangur

Á síðastliðnum árum og áratugum hefur umræðan í samfélaginu og meðal fræðimanna fjallað töluvert um það hvernig skólastarf geti orðið „skilvirkara“ og skilað „meiri árangri“, þótt merking þeirra hugtaka geti verið mismunandi eftir kenningum og einstaklingum. Sem svar við slíku verkefni er talið að „mat á skólastarfi“ sé sjálfsagt viðfangsefni í stofnanaumhverfi menntakerfis hvers lands. Árið 1995 var grunnskólalögum breytt á Íslandi og ákvæði sett í fyrsta skipti um mat og eftirlit með gæðum grunnskólastarfs sem skyldi framkvæmt af ráðuneyti menntamála sem mat á verklagi við sjálfsmat skóla. Í núverandi lögum um grunnskóla (nr. 91/2008) er ákvæði um að mat á skólastarfi eigi að vera virkur þáttur í starfi grunnskólanna. Hver grunnskóli eigi að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs og birta þær upplýsingar með reglulegu millibili, nefnt innra mat. „Innra mat skóla“ kemur í stað „sjálfsmats skóla“ áður og „ytra mat“ er nýtt og skiptist bæði á sveitarfélög og ríki með verkaskiptingu sem þó er ekki með öllu augljós. Framkvæmd „mats á skólastarfi“ (sem sjálfsmat, innra mat og ytra mat) í íslensku skólakerfi hefur því verið í mótun frá 1995 þar sem stuðst hefur verið við ýmis verkfæri og margvíslegt verklag og engin ein hefð hefur skapast um tiltekna framkvæmdir. Skólapúlsinn, með útfærslu á gagnagrunni fyrir sveitarfélög í Skólavoginni, er sérhannað, íslenskt verkfæri sem ætlað er að hjálpa til við innra mat (skólar) og ytra mat (sveitarfélaga) og sækir efnivið sinn í erlendar fyrirmyndir. Hafnarfjörður tók ákvörðun um að vera þátttakandi í Skólapúlsinum og Skólavoginni þannig að allir skólar sveitarfélags ynnu eftir ákveðnu verklagi, þ.e. fá árlegar mælingar á öllum viðhorfakönnunum sem boðið var upp á svo heildstæður samanburður fái st.

Fyrir sveitarfélagið er Skólavogin, sem samantekt á gögnum einstakra skóla í Skólapúlsinum, verkfæri til að fá sem áreiðanlegastar upplýsingar um ákveðna þætti í skólastarfinu - hér sérstaklega viðhorf hagsmunaaðila til framkvæmdar skólastarfsins. Skólavogina getur sveitarfélagið nýtt til að meta eigin stefnu og framkvæmd á skólastarfi og gert umbætur sem varða heildina, sem og til að veita einstökum skólum viðeigandi aðstoð við umbætur þar sem þess gerist þörf.

Skýrslu þessari er fyrst og fremst ætlað að vera upplýsandi fyrir stjórnendur grunnskóla í Hafnarfirði og jafnframt veita fræðsluyfirvöldum nauðsynlegar upplýsingar um grunnskólastarfið í bænum. Skólapúlsinn, sem liður í innra mati grunnskóla, hentar vel til að fá álit þeirra sem koma að skólastarfinu og mikilvægt er að hlusta á þau sjónarmið og viðhorf sem þar koma fram. Þó ber að varast að oftúlka niðurstöður með því að horfa um of á þær, hvort heldur sem áfellingisdóm eða fullnaðarsigur sem gefi heildarmynd af starfi einstakra skóla. Niðurstöðurnar segja ýmislegt um skólastarfið og geta verið vísbending um gott starf og hvað má gera betur. Á heildina litið er mikilvægt að nýta gögn Skólapúlsins og vaka yfir því hver hagrur skólastarfsins er og/eða getur verið af þeim umbótum sem unnar eru á grundvelli niðurstaðna. *Hagsmunaaðilar skólastarfsins eru hvattir til að fara yfir alla þætti, bæði þá sem koma vel út og þá sem ekki koma eins vel út, greina þá og skilgreina í samvinnu, vinna skipulega að umbótum og hlú markvisst áfram að því sem vel gengur.*

1. Skólapúlsinn, Skólavogin og aðferðafræði þeirra

Skólapúlsinn er kannakerfi sem grunnskólar nýta til innra mats. Úr Skólapúlsinum kemur meginhluti þeirra gagna sem birtar eru í Skólavoginni. Skólapúlsinn var settur á laggirnar árið 2007 og hefur verið í stöðugri þróun síðan þá. Árið 2017 voru 124 skólar skráðir í Skólapúlsinn og náði kerfið til um 90% grunnskólanemenda á landinu (6.-10. bekk) en þátttaka þessara skóla í könnunum Skólapúlsins er misjöfn.

Framkvæmdin er að hver þátttakandi (nemandi, foreldri, starfsmaður) er valinn eftir sérstöku kerfi ef um nemanda eða foreldri er að ræða (úrtak), en allir starfsmenn eru þátttakendur. Þátttakandi fær aðgangsslykil til að slá inn þegar hann fer inn á heimasíðu Skólapúlsins, www.skolapulsinn.is og svarar spurningum sem lúta að hans þætti í skólastarfinu eftir því hvort hann er starfsmaður, foreldri eða nemandi. Spurningarnar voru valdar eða samdar af starfsfólki Skólapúlsins og hafa verið í stöðugri þróun síðan notkun á kerfinu hófst. Hver skóli getur valið að setja inn nokkrar aukaspurningar sem varða starf þess tiltekna skóla. Fyrir slíkt þarf að greiða sérstaklega. Bæjarfélög geta keypt aðgang að upplýsingum sinna skóla sem eru í Skólapúlsinum og heitir sá aðgangur Skólavogin til aðgreiningar frá Skólapúlsinum.

Úrtak, spurningar, tími og tíðni kannana

- Nemendur: Nemendur í 6.-10. bekk. Könnun er lögð fyrir tiltekinn fjölda nemenda á mánuði frá því í september til maí ár hvert. Í ár eru 124 skólar í 49 sveitarfélögum í samanburði Skólavogar.
- Foreldrar: 120 manna líkindaúrtak úr hópi foreldra allra barna í viðkomandi skóla. Könnun er lögð fyrir í febrúar ár hvert. 60 grunnskólar í 28 sveitarfélögum eru í samanburði Skólavogar.

Nemendur eru spurðir um líðan, virkni, sjálfsmýnd, aðstöðu í skólanum og heima o.s.frv. Könnunin er frekar löng og tekur u.þ.b. 20 mínútur að svara henni. Foreldrakannanir mæla viðhorf til náms og kennslu, velferðar nemenda, foreldrasamstarfs og heimastuðnings.

Túlkun á niðurstöðum

Kannanir á vegum Skólapúlsins eru að stræstum hluta meginlegar; spurningalistar með ákveðnum svarmöguleikum. Einnig eru nokkrar opnar spurningar. Niðurstöðurnar eiga að vera alhæfandi þannig að hægt sé að telja að niðurstöður úrtaksins gildi fyrir allt þýðið sem viðkomandi úrtak er tekið úr. Starfsfólk Skólapúlsins mælist til að svörun sé yfir 80% til að svör úrtaksins endurspegli þýðið sem best. Niðurstöður eru ekki birtar í nafnlausum samanburði við aðra skóla ef svarhlutfall í úrtaki fer niður fyrir 60%.

Þegar gögnin í Skólavoginni eru skoðuð þarf að hafa nokkra þætti í huga við túlkun þeirra. Svör sumra spurninga birtast á mæli-kvarða sem hefur gildi frá 0 til 10 og er normaldreifður með meðaltal 5 og staðalfrávik 2. Við túlkun er viðmiðunarregla sú að munur upp á 0,5 stig er ekki mikill munur, munur upp á 1,0 stig telst tölu-verður munur og munur upp á 1,5 stig eða meira telst mikill munur. Einnig eru svör gefin upp í prósentum og þýðir prósentan í flestum tilfellum hlutfall þeirra sem eru frekar eða mjög ánægðir eða líður frekar eða mjög vel. Í viðauka sést hvernig spurningalistarnir eru byggðir upp.

Varðandi stöðlun kannana er þetta grunnurinn: Forprófun nemendakönnunarinnar var gerð á skólaárinu 2008-2009 og tölurnar notaðar til viðmiðunar fram til skólaársins 2014-15. Viðmiðin voru uppfærð í upphafi skólaárs 2015 og því mun talan fimm standa fyrir dæmigerðan nemanda skólaársins 2015-2016 og næstu fimm til tíu ár á eftir. Gagnvart foreldra- og starfsmannakönnun koma viðmið úr forprófunum sem gerðar voru áður en Skólapúlस्कannanirnar voru fyrst lagðar fyrir.

Í Skólavoginni eru niðurstöður einstakra skóla bornar saman við landsmeðaltal Skólavogarinnar, sem ýmist er gefið upp á stöðluðum mælikvarða (0-10 þar sem 5 er meðaltalið) eða prósentum sem hafa enga ákveðna stöðlun. Samanburður Skólavogarinnar í þessari skýrslu er vigtað landsmeðaltal allra skólanna í Skólavoginni.

2.0 Hafnarfjörður

Grunnskólar Hafnarfjarðar eru sjö og börn á grunnskólaaldri með lögheimili í bænum voru 4.136 skólaárið 2016-2017. Um 95% þeirra eru í grunnskólum bæjarins eða nálægt 3.900. Önnur börn eru í grunnskólum annarra sveitarfélaga (þ.m.t. sérskólum eins og Klettaskóla í Reykjavík), Barnaskóla Hjallastefnunnar (Hafnarfjörður, Garðabær), Nú Framsýn eða öðrum sjálfstætt reknum skólum. Í grunnskólum bæjarins eru starfrækt nokkur sértæk námsúrræði í nánnum tengslum við hið almenna skólastarf. Þetta eru sérdeild Lækjarskóla (1.-10. bekk), móttökudeild nýbúa í Lækjarskóla (5.-10. bekk), fjölgreinadeild Lækjarskóla (9.-10. bekk), sérdeild Öldutúnsskóla (8.-10. bekk) og sérdeild Setbergsskóla (1.-10. bekk) og teljast nemendur þeirra til viðkomandi grunnskóla. Elsti grunnskólinn hóf starfsemi árið 1877 (nú Lækjarskóli) og sá yngsti árið 2005 (Hraunvallaskóli).

Sviðsstjóri fræðslu- og frístundapjónustu er Fanney Dóróthe Halldórsdóttir.

	Samantekt á niðurstöðum - meðaltal Hafnarfjarðarbæjar
<p>Nemendakönnun</p> <p>N = 1817</p> <p>nemendur er úrtak könnunar og svarhlutfall er 89,9% (1.635).</p> <p>Viðmiðunarhópur er 124 grunnskólar í 49 sveitarfélögum.</p>	<p>Átján þættir eru teknir saman úr spurningum og flokkaðir í eftirfarandi þrjú flokka. Bærinn er við meðaltal í öllum þáttunum, hvergi vel yfir og hvergi vel undir.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Virgni: Nemendur tjá virkni sína við meðaltal Skólavogaráttarinnar. Nemendur bæjarins eru í 4. sæti 48 sveitarfélaga hvað varðar þrautsegju í námi, í 7. sæti af 48 varðandi trú á eigin vinnubrögð og í 6. sæti af 49 um trú á eigin námsgetu. • Líðan: Nemendur tjá líðan sína við meðaltal Skólavogaráttarinnar. Þeir eru í 9. sæti af 48 varðandi mat sitt á stjórn á eigin lífi, í 11. sæti af 48 hvað varðar sjálfsálit og í 6. sæti um hollt mataræði. • Skóla- og bekkjarandi: Nemendur tjá skóla- og bekkjaranda við meðaltal Skólavogaráttarinnar. Samsömun við nemendahópinn er í 11. sæti af 48. Nemendur meta samband sitt við kennara sem svarar til 39. sætis af 49 mögulegum og virkni sína í kennslustundum meta þeir til 40. sætis af 49.
<p>Foreldrakönnun</p> <p>N = 826</p> <p>þ.e. foreldrar 21,3%</p> <p>nemenda er úrtak könnunar og svarhlutfall er 90,4%</p> <p>Viðmiðunarhópur er 60 grunnskólar í 28 sveitarfélögum</p>	<p>Könnunin mælir 40 þætti í fimm flokkum. Af þáttunum 40 í samantektartöflu í viðauka eru átta sem ekki eru teknir með í samanburði en fjallað er um þá í texta. Þessir þættir eru meðaltímabil eineltis, staðir innan skólans sem einelti á sér stað innan skólans að mati foreldra, hlutfall nemenda á frístundaheimili, ástæður þess að nemendur nýta ekki þjónustu og frístundaheimilis eða mötuneytis, þættir í skólastarfinu sem foreldrar hafa áhrif á og vilja hafa áhrif á og málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali.</p> <p>Bærinn er vel undir meðaltali hvað varðar ánægju foreldra með mötuneyti nemenda og fjölda þeirra sem nota mötuneytin. Bærinn er þar í 27. og 28. sæti af 28 mögulegum og meðal þeirra 25% sveitarfélaga sem eru með óhagstæðustu útkomuna í þessum matsþáttum. Aðrir matsþættir teljast til meðaltals Skólavogar.</p>

	<p>Nám og kennsla: Foreldrar tjá viðhorf til náms og kennslu almennt við meðaltal Skólavogarinnar en er í 23. sæti hvað varðar mat þeirra á því hvort nám og kennsla séu í takt við grunnþætti menntunar og 22. sæti hvort hæfileg þyngd sé á námsefni. Bærinn er meðal þeirra 25% sveitarfélaga sem eru með óhagstæðustu útkomuna í þessum matsþáttum.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Velferð nemenda: Foreldrar tjá viðhorf til velferðar nemenda við meðaltal Skólavogarinnar. Mat þeirra á því hve vel skólinn komi til móts við þarfir nemenda er í flokki þeirra 25% sveitarfélaga sem hefur hvað óhagstæðasta útkomu. Mikil breidd er á viðhorfum foreldra til umfangs eineltis og úrvinnslu eineltismála í skólunum, en bærinn telst við meðaltal í þeim þáttum. Meðaltímabils eineltis að mati foreldra hefur aðeins styst (var 1,6 ár á síðasta ári) og telst við meðaltal sem er 1,4 ár. Foreldrar telja umfang eineltis aðeins meira en meðaltal; 10,1%/8,9%. • Aðstaða og þjónusta: Tveir þættir eru vel undir meðaltali og enginn yfir. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum er 4,7/4,7. Notkun á mötuneyti (hádegisverður) er vel undir meðaltali 70,5%/86,1% og ánægja með máltíðir í mötuneyti mælist vel fyrir neðan meðaltal Skólavogarinnar 51,3%/69%. Einn skóli (Áslandsskóli) sker sig verulega úr bæði hvað varðar meiri ánægju og þátttöku. Það snýr að ánægju með mötuneyti skólans (hádegismatur) og starfsemi frístundaheimilis auk mikillar þátttöku þar í hádegismat miðaða við aðra skóla bæjarins. Nýtt: Foreldrar voru spurðir um ástæðu þess að þeir nota ekki frístundaheimili nefna langflestir (79,3%) að þeir þurfi hana ekki, sem er rétt undir meðaltali Skólavogarinnar. • Foreldrasamstarf: Foreldrar tjá foreldrasamstarf almennt við meðaltal þrjá þætti; frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi, áhrif foreldra og tillit sem tekið er til ábendinga meta foreldrar þannig að bærinn er í hópi þeirra 25% sveitarfélaga sem eru með hvað lakasta útkomu í þessum þáttum. Nýtt: Foreldrar voru beðnir að nefna þætti sem þeir <u>hafa áhrif á</u> annars vegar og þætti sem þeir <u>vildu hafa áhrif á</u> í skólastarfinu. Flestir (31,7%) nefna foreldrasamskipti sem þeir hafa áhrif á ásamt agamálum. Meðaltal svara segir að flestir foreldrar vilji hafa meiri áhrif á námshraða, val á námsefni og áherslur í námsgreinum. Hver skóli þarf að skoða sinn lista þar sem svörin eru töluvert misjöfn milli þeirra. • Heimastuðningur: Foreldrar tjá heimastuðning almennt við meðaltal, en 59,7% foreldra í Hafnarfirði verja meira en 15 mínútum daglega við heimanám meðan meðaltal Skólavogarinnar er 55,5% rétt yfir meðaltali eins og sl. ár.
--	--

Samantekt og ábendingar

Niðurstöður bæjarins í heild eru að í nemendahlutanum eru allir þættir við meðaltal. Sjö þættir raðast þannig að bærinn er í hópi 25% sveitarfélaga sem eru með hagstæðustu útkomuna og í tveimur þáttum í hópi 25% sveitarfélaga sem eru með hvað lökustu útkomuna.

Í foreldrakönnuninni er allir nema tveir þættir við meðaltal. Röðun bæjarins í hópi þátttökusveitarfélaganna er í 11 þáttum meðal þeirra 25% sveitarfélaga sem fá lakasta útkomu.

Nemendakönnun

- Bærinn er í 4. sæti 48 sveitarfélaga hvað varðar mat nemenda á eigin þrautsegu í námi, í 6. sæti um trú á eigin námsgetu og hollt mataræði, í 7. sæti um trú á eigin vinnubrögðum í námi, í 9. hvað varðar stjórn á eigin lífi og í 11. sæti þegar nemendur meta eigið sjálfsálit.
- Lökust er útkoman varðandi mat nemenda á eigin virkni í kennslustundum og á sambandi við kennara. Þetta eru þættir sem ná viðmiði um meðaltal en raðast samt neðarlega miðað við önnur sveitarfélög sem eru þátttakendur í Skólavoginni.
- Í Hvaleyrarskóla var mat nemenda áberandi lakast af skólum bæjarins - vel undir meðaltali í 12 þáttum af 18 skólaárið 2015-2016. Skólaárið 2016-2017 eru 16 þættir við meðaltal og tveir undir sem eru jákvæðar breytingar.

Foreldrakönnun

- Hæfilegan aga í skólum meta foreldrar þannig að bærinn er í 12. sæti þeirra 28 sveitarfélaga sem taka þátt.
- Bærinn er í 12. sæti af 28 hvað varðar ánægju foreldra með úrvinnslu eineltismála. Hvað varðar umfang eineltis er bærinn í 8. sæti af 28. Nokkur breidd er á milli skólanna í báðum þessum þáttum.
Nýtt: Í könnuninni skólaárið 2016-2017 eru foreldrar beðnir að benda á staði í skólanum sem þeir telja helst að eineltið viðgangist, og nefna 86,8% þeirra frímínútur á skólalóð, næst koma frímínútur innandyra 55,8% og 41,9% hádegisstund. Athygli vekur að 37,2% telja að einelti fari fram í kennslustundum.
- Þegar skoðað er meðaltímabil eineltis að mati foreldra þá er það 1,4 ár og hefur það aðeins lækkað frá fyrra ári (1,6). Þetta er tími sem þarf að stytta verulega en meðaltal Skólavogarinnar er 1,4 ár.
- Bærinn sker sig úr hvað varðar ánægju foreldra með mötuneyti skólanna og notkun á þeim; er í 28. og 27. sæti af 28 sveitarfélögum. Einn skóli er með áberandi mesta notkun. Þegar skoðaðar eru ástæður sem foreldrar nefna fyrir því að þeir nota ekki mötuneyti kemur í ljós að það ekki verð á matnum heldur matseðillinn sem langflestir nefna.
- Bærinn er í 5. sæti af 28 hvað varðar væntingar foreldra til menntunarstigs barna sinna. Í 13. sæti af 28 mögulegum er ánægja foreldra með heimasíður bæjarskólanna.
- Bærinn er í 27. sæti af 28 mögulegum hvað varðar ánægju foreldra með aðstöðu í skólanum þó að meðaltal náist.

Breytingar í Skólapúlsinum núna í ljósi sjónarmiða sem komu fram fyrir ári síðan:**1. Notkun á mótuneytum nemenda**

Notkun mótuneytis hefur verið lítil miðað við önnur sveitarfélög. Bærinn var í 17. sæti af 17 mögulegum skólaárið 2014-2015 (73,1%/85,4%) og er í 10. sæti af 14 mögulegum skólaárið 2015-2016, (80,3%/87,0%) og í 27. sæti af 28 mögulegum skólaárið 2016-2017. Athygli er vakin á því að þegar skoðaðar eru ástæður þess að fólk notar ekki mótuneytið þá ber hæst óánægja með matseðil.

2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur

Foreldrar töldu sig ekki hafa nægilegt áhrif á ákvarðanir varðandi nemendur. Hafnarfjarðarbær var í 15. sæti af 17 mögulegum (48,1%/54,5%) skólaárið 2014-2015. Skólaárið 2015-2016 er bærinn í 12. sæti af 14 mögulegum (49,5%/55,3%).

Skólaárið 2016-2017 er bærinn enn nokkuð undir meðaltali og er í 25. sæti af 28 mögulegum.

3. Úrvinnsla eineltismála

Skólaárið 2014-2015: Foreldrar voru ekki ánægðir með hraða á úrvinnslu eineltismála eða 54,4% og var sveitarfélagið í 11. sæti af 17. Þegar skoðað var meðaltímabil eineltis. Að mati foreldra þá var það 1,3 ár.

Skólaárið 2015-2016 kemur aðeins betur út en þar er bærinn í 7. sæti af 14 mögulegum og segjast 53,8% foreldra ánægðir, en meðaltal Skólavogar er 56,4%, bæði hvað varðar úrvinnslu eineltismála og hraðann á úrvinnslunni. Mikil breidd mælist á milli skólanna. Meðaltímabil eineltis töldu foreldrar vera 1,6 ár.

Skólaárið 2016-2017: Bærinn er við meðaltali varðandi ánægju foreldra með úrvinnslu eineltismála. Meðaltímabils eineltis að mati foreldra hefur aðeins styst (var 1,6 ár 2015 -16) og telst nú við meðaltal sem er 1,4 ár. Foreldrar telja umfang eineltis aðeins meira en meðaltal; 10,1%/8,9% og tekið skal fram að töluverður munur er á milli skóla í þeim þætti.

4. Mat nemenda á aga í kennslustundum

Aga í kennslustundum mátu nemendendur þannig að bærinn var í 32. sæti af 41 mögulegu skólaárið 2014-2015 (4,7/5,1). Skólaárið 2015-2016 er bærinn í 16. sæti af 22 mögulegum (5,0/5,1), þ.e. svipuð sætastaða en þó nær meðaltalinu.

Skólaárið 2016-2017 meta nemendur aga í kennslustundum við meðaltal, en bærinn er í 31. sæti af 49 mögulegum.

MEGINNIÐURSTAÐA: Margir þættir eru við meðaltal Skólavogar en sumir eru fyrir ofan og líka nokkrir fyrir neðan. Það er ljóst að óánægja er með hádegismat í skólunum sem eru með aðkeyptan mat í öllum grunnskólum og mismikil ánægja með aðstöðu í skólum og starfsemi frístundaheimila eftir skólum.

2. Niðurstöður fyrir Hafnarfjörð og einstaka skóla

Í þessum kafla, meginkafla skýrslunnar, eru kynntar helstu niðurstöður hafnfirskra skóla í Skólapúlsinum eins og þær birtast í Skólavoginni. Markmiðið er að setja þær fram með skýrum hætti svo að sá sem les þær fái góða yfirsýn yfir niðurstöðurnar. Teknir eru út nokkrir þættir sem skera sig úr í niðurstöðum hvers skóla og fjallað sérstaklega um þá, bæði þá sem teljast styrkleikar og þá sem gefa möguleika til skólaþróunar. Það verkefni skólanna að velja umbótaþætti og fylgja þeim eftir enda þeir best í stakk búnir til þess. Það er þó mikilvægt að niðurstöðurnar séu skoðaðar vel, með gagnrýnum huga og að stjórnendur og starfsmenn taki þær alvarlega og keppist við að nýta niðurstöðurnar til umbóta og þróunar ekki síður en þeir sem hafa með skólamál sveitarfélagsins að gera.

Framsetningin er þannig að fyrst eru kynntar meðaltalsniðurstöður grunnskólanna (sjö talsins) sem bærinn rekur.¹ Í viðauka 1 eru niðurstöður einstaka skóla birtar og litamerktar af höfundum skýrslunnar með appelsínugulu, gulu og ljósgrænu. Viðmið er landsmeðaltal svara við hverri spurningu á skólaárinu 2016-2017. Litirnir eru notaðir til að skýra ákveðnar línur. Ljósgræni liturinn táknar að skólinn er vel yfir meðaltali Skólavogarinnar skólaárið 2016-2017 (+0,5 stigum eða +5 prósentustigum). Guli liturinn táknar að skólinn er allt að $\pm 0,49/4,9$ prósentustig frá meðaltali Skólavogarinnar. Appelsínuguli liturinn merkir að skólinn er vel undir (-0,5 stigum eða -5 prósentustigum) meðaltali Skólavogarinnar. Tölulegar staðreyndir og svör við upptalningaspurningum eru ekki litamerktar, enda ekki viðhorfaþættir sem hægt er að setja upp í samanburð.

Í sjálfu sér er ekki einhlítt að túlka niðurstöður eingöngu eftir því hvort þær eru undir eða yfir meðaltali þar sem slík flokkun heldur sjálfkrafa helmingi ofan meðtals og helmingi fyrir neðan. Það er í sjálfu sér ekki viðmið um hvort hlutirnir séu í lagi eða ekki. En séu niðurstöður vel yfir meðaltali er samt álitid að um jákvæðan þátt sé að ræða og séu niðurstöður vel undir meðaltali að um neikvæðan þátt sé að ræða. Út frá því sjónarmiði er þessi greining unnin og hægt að halda því fram að slík útlistun sé ekki einhlít eins og áður sagði, en stöðluð spurningakönnun gefur ekki marga aðra möguleika. Á grunni þessa er reynt að fara varlega í að draga ályktanir sem byggjast á niðurstöðum Skólapúlsins og að ályktanir sem dregnar eru hafi skýrar forsendur í gögnum Skólapúlsins.

¹ Barnaskóli Hjallastefnunnar í Hafnarfirði er undanskilinn því ekki hafa verið gerðar kröfur til skólans að hann veiti sambærilegar upplýsingar um skólastarf sitt hér líkt og grunnskólar bæjarins. Einnig skal á það bent að flestir nemendur skólans eru of ungir til að taka þátt í nemendakönnun. Nú Framsýn er nýr sjálfstætt rekinn skóli í Hafnarfirði sem var ekki þátttakandi í Skólavoginni skólaárið 2016-2017.

2.1 Áslandsskóli

Áslandsskóli er í Áslandslandshverfinu Hafnarfirði. Skólinn tók til starfa árið 2001 og fyrsta starfsárið var hann einkarekinn hverfisskóli en haustið 2002 tók Hafnarfjarðarkaupstaður við rekstri hans. Skólaárið 2015-2016 voru nemendur skólans 526 og grunnskólanemendur um 18,1% af íbúum hverfisins. Áætlað er að skólaárið 2017-2018 verði nemendur nálægt 513.

Skólastjóri: Leifur S. Garðarsson.

Aðstoðarskólastjóri: Unnur Elfa Guðmundsdóttir.



	Samantekt á niðurstöðum
<p>Nemendakönnun</p> <p>N = 252 nemendur í 6. til 10. bekk, 47,9% nemenda skólans. 207 nemendur svöruðu og er það 82,1% þátttaka.</p> <p>Viðmiðunarhópur er 124 grunnskólar í 49 sveitarfélögum.</p>	<p>Skólinn er 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali í fimm þáttum (28%). Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í 14 þáttum (72%), og í engu tilviki 0,5 stigum/5 prósentustigum undir meðaltali í þeim 18 samantektarþáttum Skólavogaráttarinnar sem könnunin nær yfir og er skipt í eftirfarandi flokka:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Virgni: Nemendur telja sig almennt vera virka í náminu og eru rétt ofan við meðaltal í fimm þáttum af sex. Þrautseigja í námi mælist vel yfir meðaltali og er hæst í grunnskólum bæjarins. • Líðan: Nemendur svara jákvætt um alla þætti sem snúa að líðan í skólanum. Holt mataræði og hreyfing mælist hæst og einelti mælist þar lægst í skólum bæjarins . • Skóla- og bekkjarandi: Mikilvægi heimanáms mælist vel yfir meðaltal Skólavogar og nemendur tjá sig jákvæða gagnvart starfinu í skólanum rétt ofan við meðaltal Skólavogaráttarinnar í öðrum þáttum sem varða skóla- og bekkjaranda.
<p>Foreldrakönnun</p> <p>N = 124 foreldrar 22,8% nemenda er úrtak. Svarhlutfall er 65,3% (81).</p>	<p>Könnunin mælir 40 þætti í fimm flokkum. Af þáttunum 40 í samantektar- töflu í viðauka eru átta sem ekki eru teknir með í samanburði en fjallað er um þá í texta. Þessir þættir eru meðaltímabil eineltis, staðir innan skólans sem einelti á sér stað innan skólans að mati foreldra, hlutfall nemenda á frístundaheimili, ástæður þess að nemendur nýta ekki þjónustu frístundaheimilis eða mótuneytis, þættir í skólastarfinu sem foreldrar hafa áhrif á og vilja hafa áhrif á og málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali. Skólinn er 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali í tíu þáttum (31%). Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í 21 (66%) og í</p>

<p>Viðmiðunarhópur er 60 grunnskólar í 28 sveitarfélögum.</p>	<p>einu tilviki 0,5 stigum/5 prósentustigum undir meðaltali í þeim 32 samantektarpáttum Skólavogarinna um viðhorf og er skipt í eftirfarandi flokka.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Nám og kennsla: Hlutfall foreldra sem eru ánægðir með stjórnun skólans mælist 90,7% sem er við meðaltal og 94,9% foreldra telja aga hæfilegan sem er lang hæst skólanna í bænum. Ánægja foreldra með nám og kennslu mælist 5,6 stig sem er vel yfir meðaltali landsins og bæjarins. • Velferð nemenda: Hlutfall foreldra sem eru ánægðir með úrvinnslu eineltismála er vel yfir meðaltali 77,8%/60,5%. Mat foreldra á líðan nemenda í kennslustundum og í skólanum er nokkuð yfir meðaltali Skólavogarinna. Eineltisstaði innan skólans nefnir hæst hlutfall foreldrar kennslustundir og í frímínútur á skólalóð og næst flestir nefna hádegisfund. • Aðstaða og þjónusta: Þrír þættir af fimm eru vel yfir meðaltali. Notkun mötuneytis mælist langhæst grunnskólanna í bænum, eða 90% (meðaltal bæjarins er 70,5%). 85,5% foreldra eru ánægðir með máltíðirnar í mötuneyti en meðaltal bæjarins er 51,3%. Ánægja með frístundaheimilið mælist vel yfir meðaltali Skólavogarinna. 77,6% foreldra segja ástæðu fyrir því að þeir noti ekki þjónustu frístudaheimilis vera að þeir þurfi hana ekki. Ánægja foreldra með aðstoðu í skólanum telst við meðaltal (4,5/4,7). • Foreldrasamstarf: Hlutfall foreldra sem telja sig vel upplýsta um stefnu skólans og skólanámskrá og ánægja með síðasta foreldra-viðtal eru vel yfir meðaltali Skólavogar. 75,4% telja mikilvægt að gera námsáætlun með nemenda en meðaltal Skólavogar er 84,2%. Annað er við meðaltal Skólavogar. Mállefni sem voru mest rædd í foreldraviðtölum voru framgangur náms, próf og skimanir, samskipti í bekknum og líðan barnsins. Þættir sem foreldrar hafa helst áhrif á eru foreldrasamskipti og agamál og þættir sem þeir vilja hafa meiri áhrif á eru námshraði, foreldrasamskipti og val á námsefni. • Heimastuðningur: Hlutfall foreldra sem hafa miklar væntingar til menntunarstigs barna sinna mælist hæst af skólum bæjarins og er vel yfir meðaltali Skólavogarinna (86,4%/77,4%). Einnig er hlutfall þeirra foreldra sem aðstoða börn sín við heimanám lengur en 15 mínútur á dag, vel yfir meðaltali 61,3%/55,5%. Afstaða til þess hvort heimavinna sé hæfileg mælist við meðaltal Skólavogarinna (69,3%/ 70,3%).
---	--

Breytingar í Skólapúlsinum núna í ljósi sjónarmiða sem hafa komið áður fram:**1. Vinnuaðstæður í skólanum**

Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum mældist 4,5 skólaárið 2015-2016 en meðaltal Skólavogar var 5,0.

Skólaárið 2016-2017 er talan 4,5 og meðaltal Skólavogar 4,7. Skoða þarf þessar tölur í ljósi sætis bæjarins meðal þeirra sveitarfélaga sem taka þátt í mælingunum, bærinn er í 27. sæti af 28 mögulegum.

2. Tíðni eineltis að mati nemenda og foreldra – vellíðan nemenda

Einelti og tíðni eineltis meðal nemenda mældist það lægsta í bænum skólaárið 2015-2016 - vel undir meðaltali Skólavogar. Tímabil eineltis var 1,4 ár að mati foreldra, var 0,9 ár árinu þar á undan.

Skólaárið 2016-2017 er mat foreldra á umfangi eineltis 8,9% sem er við meðaltal Skólavogar. Var 7,5% skólaárið 2015-2016 og 18,3%.

Einelti meta nemendur lægst skóla bæjarins skólaárið 2016-2017.

3. Vefsíða skólans

Hlutfall foreldra sem voru ánægðir með vefsíðu skólans var vel undir meðaltali Skólavogar skólaárið 2015-2016. Mælist nú 83,6% sem er rétt yfir meðaltali Skólavogar.

4. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur

Hlutfall foreldra sem telja sig hafa áhrif á ákvarðanir varðandi nemendur var vel undir meðaltali Skólavogar skólaárið 2015-2016 er við meðaltal Skólavogar skólaárið 2016-2017.

5. Hæfilegt umfang heimavinnu nemenda að mati foreldra

Hlutfall foreldra sem telja umfang heimavinnu hæfilegt var vel undir meðaltali Skólavogar tvö síðustu skólaár. Það hlutfall er við meðaltal skólaárið 2016-2017.

MEGINNIÐURSTAÐA: Um margt jákvæðar niðurstöður sem hægt er að vinna meira með.

2.2 Hraunvallaskóli

Hraunvallaskóli er á Völlunum í Hafnarfirði og er yngsti skóli bæjarins. Hann tók til starfa árið 2005 í bráðabirgðahúsnæði og flutti í nýja skólabyggingu árið 2008. Þar eru starfandi bæði leik- og grunnskóli. Skólaárið 2016-2017 voru um 885 nemendur í skólanum og grunnskólanemendur um 19,5% af íbúum hverfisins. Áætlað er að skólaárið 2017-2018 verði nemendur 885.

Skólustjóri: Lars Jóhann Imsland Hilmarsson.

Aðstoðarskólustjóri: Guðrún Sturlaugsdóttir.



	Samantekt á niðurstöðum
<p>Nemendakönnun</p> <p>N = 371 nemendur í 6. til 10. bekk, 321 nemendur svöruðu og er það 86,5% þátttaka.</p> <p>Viðmiðunarhópur er 124 grunnskólar í 49 sveitarfélögum.</p>	<p>Skólinn er ekki í neinum þætti 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira vel yfir meðaltali Skólavogarárinnar. Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í 15 þáttum (83%) og í þremur tilvikum 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira undir meðaltali (17%) í þeim 18 samantektarþáttum Skólavogarárinnar sem könnunin nær yfir og er skipt í eftirfarandi flokka.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Virgni: Þættirnir eru við meðaltal að undanskildum áhuga nemenda á náttúrufræðum sem er vel undir meðaltali Skólavogarárinnar (4,4/5,0). • Líðan: Nemendur tjá líðan í öllum tilvikum við meðaltal Skólavogarárinnar. Tíðni eineltis telja þeir rétt yfir meðaltali Skólavogarárinnar (14,0%/11,6%). • Skóla- og bekkjarandi: Nemendur telja skóla- og bekkjaranda við meðaltal Skólavogarárinnar í þremur þáttum af fimm. Ága og virka þátttöku í kennslustundum meta þeir vel undir meðaltali Skólavogarárinnar.
<p>Foreldrakönnun</p> <p>N = 120 Foreldrar 13,6% nemenda er úrtak.</p>	<p>Könnunin mælir 40 þætti í fimm flokkum. Af þáttunum 40 í samantektartöflu í viðauka eru átta sem ekki eru teknir með í samanburði en fjallað er um þá í texta. Þessir þættir eru meðaltímabil eineltis, staðir innan skólans sem einelti á sér stað innan skólans að mati foreldra, hlutfall nemenda á frístundaheimili, ástæður þess að nemendur nýta ekki þjónustu frístundaheimilis eða mótuneytis, þættir í skólastarfinu sem foreldrar hafa</p>

<p>Svarhlutfall er 91,7% (110).</p> <p>Viðmiðunarhópur er 60 grunnskólar í 28 sveitarfélögum</p>	<p>áhrif á og vilja hafa áhrif á og málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali.</p> <p>Skólinn er í einum þætti 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali (3%). Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í 17 þáttum (53%) og í 14 tilvikum (44%) 0,5 stigum/5 prósentustigum undir meðaltali í 32 samantektarþáttum Skólavogarinnar um viðhorf foreldra. Þessum þáttum er skipt í eftirfarandi flokka.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Nám og kennsla: Viðhorf foreldra til náms og kennslu, stjórnun skólans og agi mælast vel undir meðaltali Skólavogarinnar. Nám í takt við grunnþætti menntunar og þyngd námsefnis er við meðaltal Skólavogarinnar. • Velferð nemenda: Foreldrar tjá sig í fimm þáttum við meðaltal og í þremur vel undir meðaltali Skólavogarinnar um velferð barna sinna. Þeir telja umfang eineltis 11,8% sem telst við meðaltal Skólavogarinnar (8,9%). Eineltisstaði innan skólans nefna nær allir foreldrar sem svara spurningunni, vera frímínútur á skólalóð, næst flestir nefna frímínútur innan dyra, síðan hádegisstund og kennslustundir. Líðan nemenda í kennslustundum og skólanum almennt er við meðaltal. 44,8% foreldra eru ánægðir með úrvinnslu skólans á eineltismálum þar sem meðaltal Skólavogarinnar er 60,6%. Líðan nemenda í frímínútum og hversu vel skólinn mætir þörfum nemenda eru þættir sem eru einnig vel undir meðaltali. • Aðstaða og þjónusta: Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum er við meðaltal Skólavogarinnar. Annað telst vel undir meðaltali. 80,4% foreldra segja ástæðu fyrir því að þeir noti ekki þjónustu frístundaheimilis vera að þeir þurfi hana ekki. • Foreldrasamstarf: Fjórir af átta þáttum mælast við meðaltal, þ.e. frumkvæði kennara að samstarfi, ánægja með síðasta foreldraviðtal, þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar ásamt mikilvægi þess. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur, leitað eftir tillögum og ábendingar teknar til greina, heimasíða og að foreldrar séu upplýstir um stefnum skólans og námskrá mælast vel undir meðaltali Skólavogarinnar. Málefni sem voru mest rædd í foreldraviðtölum voru framgangur náms, próf og skimanir, líðan barnsins og samskipti í bekknum. Þættir sem foreldrar hafa helst áhrif á eru foreldrasamskipti agamál og námshraði. Þættir sem þeir vilja hafa meiri áhrif á eru kennslufyrirkomulag, áherslur í námsgreinum, agamál, val á námsefni og námshraði. • Heimastuðningur: Foreldrar tjá heimastuðning við meðaltal og tími sem foreldrar verja með börnum sínum við heimanám er vel yfir meðaltali.
--	--

Breytingar í Skólapúlsinum núna í ljósi sjónarmiða sem hafa komið áður fram:**1. Nám og kennsla**

Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum mældist hækkandi frá 2013 til 2015 og var við meðaltal skólaárið 2014-2015. Mælist 4,4 stig skólaárið 2015-2016 sem er vel undir meðaltali bæði bæjarins og Skólavogarinnar. Áfram mælist þessi þáttur vel undir meðaltali Skólavogar 4,5/5,1 skólaárið 2016-2017.

2. Vinnuaðstæður í skólanum

Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum 2015-2016 var 4,2 eða vel undir meðaltali Skólavogarinnar sem var 5,0. Sama er skólaárið 2016 -2017 (4,5/5,1).

3. Virkni og ánægja nemenda með nám

Ánægja nemenda af lestri var vel undir meðaltali sl. ár en er nú rétt undir meðaltali. Ánægja þeirra af náttúrufræði var vel undir meðaltali sl. ár og er það áfram skólaárið 2016-2017. Virk þátttaka þeirra í kennslustundum sem var vel undir meðaltali skólaárið 2015-2016 er nú rétt undir meðaltali.

4. Agi í skólanum – mat foreldra og nemenda

Bæði foreldrar og nemendur mátu aga í skólanum vel undir meðaltali sl. skólaár en í ár er mat foreldra rétt undir meðaltali Skólavogarinnar. Nemendur meta aga og virka þátttöku í kennslustundum vel undir meðaltali skólaárið 2016-2017.

MEGINNIÐURSTAÐA: Framfarir á undanförunum árum og mörg sóknarfæri enn í skólanum með viðfangsefni sem hægt er að ná auknum árangri með.

2.3 Hvaleyrarskóli

Hvaleyrarskóli þjónustar börn á Holtinu í Hafnarfirði. Skólinn tók til starfa árið 1990 og var síðasti áfangi skólabyggingarinnar tekinn í notkun árið 2004. Skólaárið 2016-2017 voru nemendur skólans um 380 eða um 19% af íbúum hverfisins. Áætlað er að skólaárið 2017-2018 verði nemendur við skólann um 400.

Skólastjóri: Kristinn Guðlaugsson.

Aðstoðarskólastjóri: Marsibil Ólafsdóttir.



	Samantekt á niðurstöðum
<p>Nemendakönnun</p> <p>N = 186, nemendur í 6. til 10. bekk, 49% nemenda skólans. 169 nemendur svöruðu og er það 90,9% þátttaka.</p> <p>Viðmiðunarhópur er 124 grunnskólar í 49 sveitarfélögum.</p>	<p>Skólinn ekki í neinum þætti 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali. Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í 16 þáttum (89%) og í 2 tilvikum (11%) 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira undir meðaltali í þeim 18 samantektarþáttum Skólavogarinnar sem könnunin nær yfir og er skipt í eftirfarandi flokka:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Virkni: Nemendur tjá virkni sína við meðaltal Skólavogarinnar að undanskildum áhuga á stærðfræði sem mælist vel undir meðaltali 4,7/5,2. • Líðan: Nemendur tjá líðan sína við meðaltal Skólavogarinnar. • Skóla- og bekkjarandi: Nemendur tjá skóla- og bekkjaranda við meðaltal Skólavogarinnar í fjórum þáttum af fimm. Samsömun við nemendahópinn meta nemendur til 4,6 stiga en meðaltal Skólavogar er 5,1.
<p>Foreldrakönnun</p> <p>N = 113</p> <p>Foreldrar 29,9% nemenda er úrtak. Svarhlutfall er 77% (87).</p>	<p>Könnunin mælir 40 þætti í fimm flokkum. Af þáttunum 40 í samantektar-töflu í viðauka eru átta sem ekki eru teknir með í samanburði en fjallað er um þá í texta. Þessir þættir eru meðaltímabil eineltis, staðir innan skólans sem einelti á sér stað innan skólans að mati foreldra, hlutfall nemenda á frístundaheimili, ástæður þess að nemendur nýta ekki þjónustu frístundaheimilis eða mötuneytis, þættir í skólastarfinu sem foreldrar hafa áhrif á og vilja hafa áhrif á og málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali.</p> <p>Skólinn er í fjórum þáttum 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali (13%). Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í 19 þáttum</p>

<p>Viðmiðunarhópur er 60 grunnskólar í 28 sveitarfélögum.</p>	<p>(59%) og í níu tilvikum (28%) 0,5 stigum/5 prósentustigum undir meðaltali í þeim 31 samantektarþáttum Skólavogarinna um viðhorf foreldra. Þessum þáttum er skipt í eftirfarandi flokka.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Nám og kennsla: Þrjú af fimm þáttum teljast til meðaltals. Mat foreldra á aga og þyngd námsefnis er vel fyrir neðan meðaltal. 66% foreldra segja ástæðu fyrir því að þeir noti ekki þjónustu frístudaheimilis vera að þeir þurfi hana ekki. • Velferð nemenda: Fimm af níu þáttum eru við meðaltal. Foreldrar telja umfang eineltis 15,5% sem er vel yfir meðaltali Skólavogarinna sem er 8,9%. 47,8% þeirra eru ánægðir með hraða á úrvinnslu í eineltismálum þar sem meðaltal Skólavogarinna er 56,4%. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans er einnig vel undir meðaltali 72,7/79,4%. Eineltisstaði innan skólans nefna flestir foreldrar sem svara spurningunni frímínútur á skólalóð, næst flestir nefna frímínútur innan dyra svo í búningasklefum og hádegisstund. • Aðstaða og þjónusta: Þrjú af fimm þáttum eru við meðaltali Skólavogarinna. 59,3% foreldra eru ánægðir með máltíðir í mötuneyti sem er vel undir meðaltali. Notkun á mötuneyti er einnig vel undir meðaltali 63,5%/86,1% og 41,3% þeirra sem svara segja ástæðuna vera óánægja með matseðil. 66% foreldra segja ástæðu fyrir því að þeir noti ekki þjónustu frístudaheimilis vera að þeir þurfi hana ekki. • Foreldrasamstarf: Ánægja foreldra með síðasta foreldraviðtal mælist 98,8%, hæst skólanna í bænum. 77,4% foreldra segjast upplýstir um stefnu og skólanámskrá skólans, hvoru tveggja vel yfir meðtali. Fimm af átta þáttum mælast við meðaltal og einn er vel undir meðaltali. Málefni sem voru mest rædd í foreldraviðtölum voru framgangur náms, líðan barnsins, niðurstöður prófa/skimana og samskipti í bekknum. Þættir sem foreldrar hafa helst áhrif á eru foreldrasamskipti og agamál. Þættir sem þeir vilja hafa meiri áhrif á eru agamál, áherslur í námsgreinum, val á námsefni og námshraða. • Heimastuðningur: Tveir af sex þáttum eru vel yfir meðaltali; virkni foreldra í námi barna sinna og tími sem foreldrar verja með börnum sínum við heimanám. Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barninu sínu við námið, vilji barnanna til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu og viðhorf foreldra til umfangs heimavinnu eru við meðaltal Skólavogarinna. Væntingar til menntunarstigs barns síns mælist áfram vel undir meðaltali.
---	---

Breytingar í Skólapúlsinum núna í ljósi sjónarmiða sem hafa komið áður fram:

1. Ánægja nemenda af lestri, stærðfræði og náttúrufræði, virkni og bekkjarandi

Mældist frekar lágt miðað við meðaltal Skólavogarinnar skólaárið 2013 til 2014 og var áfram lágt sl. ár. Skólaárið 2015-2016 var undir meðaltali í þessum þáttum ásamt öðrum þáttum sem mæla virkni, skóla- og bekkjaranda og eru þau lægstu sem mælast í grunnskólum bæjarins.

Skólaárið 2016-2017 mælast þessir þættir við meðaltal að undanskildri ánægju af náttúrufræði sem er vel undir meðaltali.

2. Tíðni eineltis meðal nemenda

Tíðni eineltis að mati nemenda mældist við meðaltal skólaárið 2015-2016. Aðeins 33,3% foreldra lýstu ánægju með úrvinnslu eineltismála á meðan 66,7% þeirra voru ánægðir með hraðann á úrvinnslunni skólaárið 2015-2016.

Skólaárið 2016-2017 telja foreldrar umfang eineltis 15,5% sem er vel yfir meðaltali Skólavogarinnar sem er 8,9%. Fleiri eru nú ánægðir með úrvinnslu eineltismála en sl. ár (58,3%) og 47,8% eru ánægðir með hraða á úrvinnslu í eineltismálum þar sem meðaltal Skólavogarinnar er 56,4%. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólas er vel undir meðaltali 72,7/79,4%, var rétt ofan meðaltals sl. ár.

Skólaárið 2016-2017 meta nemendur einelti og tíðni eineltis innan marka þess sem telst til meðaltals Skólavogarinnar.

3. Heimavinna nemenda

Nemendur mátu mikilvægi heimavinnu í náminu lágt skólaárin 2013 til 2015, og mat þeirra taldist við meðaltal skólaárið 2015-2016. Skólaárið 2016-2017 meta þeir þennan þátt einnig við meðaltal.

4. Notkun á mótuneyti og ánægja foreldra með máltíðir

Ánægja foreldra með máltíðir í mótuneyti mældist vel yfir meðaltali og notkun á rétt undir meðaltali skólaárið 2015-2016. Skólaárið 2016-2017 mælist ánægjan vel undir meðaltali 59.3%/69% og notkunin er 63,5%. Felstir segja ástæðuna vera lakur matseðill.

5. Vinnuaðstæður í skólanum

Ánægja foreldra með vinnuaðstæður skólanum var undir meðaltali skólaárin 2013 til 2016. Mælist við meðaltal skólaárið 2016-2017.

6. Agi í kennslustundum og í skólanum

Nemendur meta aga í kennslustundum vel undir meðaltali skólaárin 2014 til 2016. Mat foreldra á aga í skólanum telst til meðaltals Skólavogar bæði árin.

Skólaárið 2016-2017 meta foreldrar aga vel undir meðaltali og nemendur meta aga í kennslustundum rétt undir meðaltali.

MEGINNIÐURSTAÐA: Jákvæðar framfarir í stöðunni sem gefa tilefni til að gera enn betur.

2.4 Lækjarskóli

Lækjarskóli, sem hét áður Barnaskóli Hafnarfjarðar og þar á undan Barnaskóli Garðahrepps, á sér samfellda sögu frá árinu 1877 og er elsti skólinn í Hafnarfirði. Hann sinnir stórum hluta miðbæjar Hafnarfjarðar og heldur utan um þrjú sérúrræði fyrir Hafnarfjörð; deild fyrir nemendur með þroskahamlanir (1.-10. bekkur), móttökudeild fyrir erlenda/tvítyngda nemendur (5.-10. bekkur) og fjölgreinanám fyrir nemendur í 9. og 10. bekk. Skólaárið 2016-2017 voru nemendur um 520 eða um 13,0% af íbúum hverfisins. Áætlaður er að nemendafjöldi skólans verði svipaður á næsta skólaári.

Skólastjóri: Haraldur Haraldsson.

Aðstoðarskólastjóri: Arna Björny Arnardóttir.



	Samantekt á niðurstöðum
<p>Nemendakönnun</p> <p>N = 229 nemendur í 6. til 10. bekk, 71,5% nemenda skólans.</p> <p>221 nemanda svöruðu og er það 96,5% þátttaka.</p> <p>Viðmiðunarhópur er 124 grunnskólar í 49 sveitarfélögum.</p>	<p>Skólinn er ekki í neinum þætti 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali. Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í 13 þáttum (78%) og í fimm þáttum (28%) 0,5 stigum/5 prósentustigum undir meðaltali í 18 samantektarþáttum Skólavogarinnar sem könnunin nær yfir og er skipt í eftirfarandi flokka:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Virkni: Allir þættir eru við meðaltal Skólavogarinnar og enginn þáttur sem sker sig úr. • Líðan: Fjórir af sjö þáttum teljast við meðaltal Skólavogarinnar. Einelti sem mælist 5,7 stig og tíðni eineltis 20,3% hæst skólanna í bænum hvoru tveggja vel yfir meðaltali. Tíðni hreyfingar er einnig vel undir. • Skóla- og bekkjarandi: Þrír af fimm þáttum teljast til meðaltals. Samband nemenda við kennara og virkni í kennslustundum meta nemendur vel undir meðaltali.
<p>Foreldrakönnun</p> <p>N = 122 foreldrar 31,3% nemenda er úrtak. Svarhlutfall er 68,9% (91).</p>	<p>Könnunin mælir 40 þætti í fimm flokkum. Af þáttunum 40 í samantektartöflu í viðauka eru átta sem ekki eru teknir með í samanburði en fjallað er um þá í texta. Þessir þættir eru meðaltímabil eineltis, staðir innan skólans sem einelti á sér stað innan skólans að mati foreldra, hlutfall nemenda á frístundaheimi, ástæður þess að nemendur nýta ekki þjónustu frístundaheimilis eða mótuneytis, þættir í skólastarfinu sem foreldrar hafa</p>

<p>Viðmiðunargrúpa er 60 grunnskólar í 28 sveitarfélögum.</p>	<p>áhrif á og vilja hafa áhrif á og málefni sem rædd voru í síðasta foreldravíðtali.</p> <p>Skólinn er 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira vel yfir meðaltali í fjórum þáttum (13%). Hann er við, rétt yfir eða rétt undir meðaltali í 18 þáttum (57%) og í tíu þáttum (30%) 0,5 stigum/5 prósentustigum undir meðaltali í 32 samantektarpáttum Skólavogaráttarinnar um viðhorf sem er skipt í eftirfarandi flokka:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Nám og kennsla: Þrjú af fimm þáttum í þessum flokki teljast við meðaltal Skólavogaráttarinnar. Hlutfall foreldra sem telur að hæfilegur agi sé í skólanum er (69,9%/77,6%) og 78% foreldra telja námsefni hæfilegt að þyngd, hvoru tveggja vel undir meðaltali. • Velferð nemenda: Þrjú af níu þáttum eru vel yfir meðaltali; ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum (71,4%/60,5%) og hraðann á úrvinnslunni (71,4%/56,4%) og ánægja með eineltisáætlun skólans mælast vel yfir meðaltali. Ánægja með það hversu vel skólinn mætir þörfum nemenda er vel undir meðaltali. Umfang eineltis telja foreldrar vera 6% sem er lægst skóla bæjarins og nokkuð undir meðaltali Skólavogar sem er 8,9%. Eineltisstaði innan skólans nefna flestir foreldrar sem svara spurningunni vera frímínútur á skólalóð, næst flestir nefna frímínútur innan dyra, svo í hádegisstund og á leið til og frá skóla. • Aðstaða og þjónusta: Ánægja með aðstöðu í skólanum mælist rétt yfir meðaltali. Ánægja með þjónustu frístundaheimilis er vel undir meðaltali (3,9%/4,8) og segja 80% foreldra ástæðu fyrir því að þeir noti ekki þjónustuna vera að þeir þurfi hana ekki. Ánægja með mötuneyti mælist vel undir meðaltali (35,2%/69%). Notkun á mötuneyti er 64,3% og 60% segja ástæðuna vera óánægju með matseðil. • Foreldrasamstarf: Fimm af átta þáttum teljast við meðaltal Skólavogar. Hlutfall foreldra sem telja sig geta haft áhrif á ákvarðanir varðandi nemendur og þátttaka þeirra í gerð námsáætlunar með nemendum eru vel undir meðaltali Skólavogaráttarinnar. 60,2% foreldra telja sig upplýsta um stefnu og skólanámskrá skólans sem er lægst í grunnskólum bæjarins. Málefni sem voru mest rædd í foreldravíðtölum voru framgangur náms, líðan barnsins, niðurstöður prófa/skimana og samskipti í bekknum. Þættir sem foreldrar hafa helst áhrif á eru foreldrasamskipti og agamál. Þættir sem þeir vilja hafa meiri áhrif á eru val á námsefni og námshraði. • Heimastuðningur: Hlutfall foreldra sem verja meira en 15 mínútum á dag við heimanám er vel yfir meðaltali. Væntingar til menntunarstigs barnanna mælist vel undir meðaltali. Annað er við meðaltal.
---	--

Breytingar í Skólapúlsinum núna í ljósi sjónarmiða sem hafa komið áður fram:**1. Líðan nemenda, einelti**

Nemendur tjáðu þættina sjálfsálit, stjórn á eigin lífi og vellíðan undir meðaltali Skólavogarinnar skólaárin 2013-2015 en skólaárið 2015-2016 voru þessir þættir við meðaltal. Tíðni eineltis og mældist vel yfir meðaltali Skólavogarinnar 2014-2015 en í 2015-2016 telst skólinn innan meðaltals en er samt sem áður var hlutfallið það hæsta af skólum bæjarins (16,1%/11,4%) Hlutfall foreldra sem voru ánægðir með úrvinnslu eineltismála var vel undir meðaltali (53,8%/60,3%) skólaárið 2015-2016.

Skólaárið 2016-2017 telja 6% foreldra að einelti viðgangist í skólanum og er það lægst skólanna í bænum. Hlutfall foreldra sem voru ánægðir með úrvinnslu eineltismála og hraðann á úrvinnslunni er nú vel yfir meðaltali Skólavogarinnar.

Nemendur hins vegar meta einelti og tíðni eineltist vel yfir meðaltali.

2. Heimavinna nemenda

Nemendur mátu mikilvægi heimavinnu í náminu undir meðaltali Skólavogarinnar, þá lægstu í grunnskólum Hafnarfjarðar skólaárið 2013-2014, en mældist við meðaltal Skólavogarinnar skólaárið 2014-2015. Skólaárið 2015-2016 er mat nemenda aftur vel undir meðaltali og skólaárið 2016-2017 rétt undir meðaltali.

3. Nám og kennsla – viðhorf foreldra

Foreldrar tjáðu ánægju sína með nám og kennslu þá lægstu í grunnskólum Hafnarfjarðar skólaárið 2013-2014. Allir þeir þættir sem undir þessum flokki voru við meðaltal Skólavogarinnar 2014-2015. Skólaárið 2015-2016 mátu foreldrar aga í skólanum hærra en áður og töldu 83,1% hæfilegan aga sem var vel yfir meðaltali Skólavogar (78,1%). Skólaárið 2016-2017 meta 69,9% foreldra aga vera hæfilegan og er það vel undir meðaltali Skólavogar (77,6%).

4. Notkun nemenda á mötuneyti og ánægja foreldra

Skólaárið 2015-2016 er hlutfall ánægðra foreldra við meðaltal en notkun vel undir.

Skólaárið 2016-2017 segjast 35,2% foreldra ánægðir með mötuneyti en meðaltal Skólavogar er 69%. Notkun á mötuneyti er 64,3% og 60% foreldra segja ástæðuna vera óánægju með matseðil.

MEGINNIÐURSTAÐA: Tilfni til að skoða betur niðurstöður og þá þætti sérstaklega sem snúa að líðan nemenda og einelti, m.a. vegna þversagnarkenndra niðurstaðna Skólapúlsins. Þá er ástæða til að skoða frekar skólastarfið út frá sjónarmiðum foreldra, t.d. varðandi upplýsingamiðlun, frístundaheimili, þar sem um 30% þátta sem snúa að viðhorfum foreldra eru vel undir meðaltali Skólapúlsins.

2.5 Setbergsskóli

Setbergsskóla sækja nemendur úr Setbergshverfinu í Hafnarfirði. Skólinn tók til starfa árið 1989 og hefur nemendum skólans fækkað með árunum. Þegar flest var voru yfir 800 nemendur í skólanum en skólaárið 2016 -2017 voru þeir um 400 og grunnskólanemendur um 12,5% af íbúum hverfisins. Skólinn heldur utan um yngsta sérúrræði bæjarins í grunnskólunum, einhverfudeild (1.-10. bekk). Áætlað er að nemendur verði svipað margir skólaárið 2017-2018.

Skólastjóri: María Pálmadóttir.

Aðstoðarskólastjóri: Sif Stefánsdóttir.



	Samantekt á niðurstöðum
<p>Nemendakönnun</p> <p>N = 191 nemendur í 6. til 10. bekk, 47,8% nemenda skólans. 174 nemendur svöruðu og er það 91,1% þátttaka.</p> <p>Viðmiðunarhópur er 124 grunnskólar í 49 sveitarfélögum.</p>	<p>Skólinn er 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali í sjö tilvikum (39%). Hann er við, rétt undir eða yfir meðaltal í 10 þáttum (56%) og einn (5%) er fyrir neðan meðaltal í þeim 18 samantektarþáttum Skólavogarinnar sem könnunin nær yfir og er skipt í eftirfarandi flokka:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Virgni: Nemendur tjá sig almennt við meðaltal Skólavogarinnar í virkniflokknum. Trú á eigin námsgetu er vel yfir meðaltali (5,5/5,0). • Líðan: Fimm af sjö þáttum eru vel yfir meðaltali Skólavogar. Sjálfsálit og stjórn á eigin lífi mælast 5,5 stig, hæst skóla bæjarins. Tíðni eineltis er 5,3% sem er vel undir meðaltali Skólavogarinnar (11,7%) og er lægst bæjarskólanna. • Skóla- og bekkjarandi: Nemendur meta mikilvægi heimavinnu 5,3 sem er vel yfir meðaltali Skólavogarinnar (4,8). Þeir meta virkni sína í kennslustundum vel undir meðaltali. Annað telst til meðaltals.
<p>Foreldrakönnun</p> <p>N = 120</p>	<p>Könnunin mælir 40 þætti í fimm flokkum. Af þáttunum 40 í samantektartöflu í viðauka eru átta sem ekki eru teknir með í samanburði en fjallað er um þá í texta. Þessir þættir eru meðaltímabil eineltis, staðir innan skólans sem einelti á sér stað innan skólans að mati foreldra, hlutfall nemenda á</p>

<p>Foreldrar 30% nemenda er úrtak. Svarhlutfall er 80% (96)</p> <p>Viðmiðunarhópur er 60 grunnskólar í 28 sveitarfélögum.</p>	<p>frístundaheimili, ástæður þess að nemendur nýta ekki þjónustu frístundaheimilis eða mötuneytis, þættir í skólastarfinu sem foreldrar hafa áhrif á og vilja hafa áhrif á og málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali.</p> <p>Skólinn er 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali í fjórum þáttum (13%), við, undir eða rétt yfir meðaltali í 23 þáttum (71%) og í fimm þáttum (16%) 0,5 stigum/5 prósentustigum undir meðaltali í þeim 32 samantektarþáttum Skólavogaráttarinnar um viðhorf sem er skipt í eftirfarandi flokka:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Nám og kennsla: Viðhorf foreldra til náms og kennslu í skólanum er við meðaltal Skólavogaráttarinnar að undanskildum einum þætti sem varðar það hvort þyngd námsefnis sé hæfileg. Mat foreldrar er þar vel undir meðaltali Skólavogaráttarinnar. • Velferð nemenda: Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu eineltismála, úrvinnslu þeirra og ánægja með áætlun skólans gegn einelti mælast vel yfir meðaltal Skólavogaráttarinnar. Umfang eineltis telja foreldrar vera 12,1%, sem er rétt yfir meðaltali. Aðrir þættir eru innan marka þess að teljast til meðaltals Skólavogaráttarinnar. Eineltisstaði innan skólans nefna flestir foreldrar frímínútur á skólalóð, næst flestir nefna frímínútur innandyrna svo í hádegisstund og í búningsklefum. • Aðstaða og þjónusta: 41,5% foreldra eru ánægðir með máltíðir í mötuneyti sem er vel undir meðaltali Skólavogaráttarinnar og notkun á mötuneyti er einnig vel undir meðaltali. Aðrir þættir mælast við meðaltal Skólavogaráttarinnar. 80,4% foreldra segja ástæðuna fyrir því að þeir noti ekki þjónustuna vera að þeir þurfi hana ekki. Notkun á mötuneyti er 70,7%. 70,4% foreldra segja ástæðuna fyrir því að þeir noti ekki mötuneytið vera óánægju með matseðil. • Foreldrasamstarf: Ánægja foreldra með heimsíðu skólans er vel yfir meðaltali 93,4%/82,4%. Þátttaka foreldra í gerð námáætlunar með nemandanum er vel undir meðaltali Skólavogaráttarinnar 40,5%/53,5%. Aðrir þættir eru við eða rétt við meðaltal Skólavogaráttarinnar. Málefni sem voru mest rædd í foreldraviðtölum voru framgangur náms, líðan barnsins, niðurstöður prófa/skimana og samskipti í bekknum. Þættir sem foreldrar hafa helst áhrif á eru foreldrasamskipti og agamál. Þættir sem þeir vilja hafa meiri áhrif á eru námshraði, val á námsefni og áherslur í námsgreinum. • Heimastuðningur: Allir nema einn þáttur teljast við meðaltal Skólavogaráttarinnar. 44,4% foreldra segjast verja +15 mínútum á dag til að aðstoða börn sín við heimanám og er það vel undir meðaltali.
---	---

Breytingar í Skólapúlsinum núna í ljósi sjónarmiða sem hafa komið áður fram:**1. Virkni nemenda í kennslustundum**

Nemendur mátu virkni sína í tímum lægri en meðaltal Skólavogarinnar skólaárið 2013-2014. Mældist rétt undir meðaltali Skólavogarinnar skólaárin 2014-2015 og 2015-2016 og er eins skólaárið 2016-2017.

2. Vinnuaðstaða í skólanum

Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum var við meðaltal skólaárið 2015-2016 og er nú rétt ofan við meðaltalið.

3. Notkun nemenda á mötuneyti og ánægja foreldra

Hlutfall ánægðra foreldra með máltíðir í mötuneyti var vel undir meðaltali 2015-2016 og notkun mötuneytis rétt undir meðaltali og var mat foreldra eins skólaárið 2015-2016. Skólaárið 2016-2017 voru 41,5% foreldra ánægðir með máltíðir í mötuneyti en meðaltal Skólavogar er 69%. Notkunin er 70,7% /86,1% og 70,4% segja ástæðuna fyrir því að þeir noti ekki mötuneytið vera óánægju með matseðil.

MEGINNIÐURSTAÐA: Yfirleitt jákvæð sjónarmið í gangi en sóknarfæri í að nýta betur samstarf við foreldra.

2.6 Víðistaðaskóli

Víðistaðaskóli er grunnskóli bæjarins í norðurbæ Hafnarfjarðar. Skólinn var stofnaður árið 1970 en árið 2010 sameinaðist hann Engidalsskóla en hélt nafni sínu. Nú er hluta 1. til 4. bekkjar kennt í húsnæði sem áður hýsti Engidalsskóla svo skólinn hefur tvær starfstöðvar; Engidal og Víðistaðatún. Skólaárið 2016-2017 voru um 700 nemendur í skólanum og grunnskólanemendurnir því um 13,5% íbúa hverfisins. Áætlað er að skólaárið 2017-2018 verði nemendur áfram um 700.

Skólastjóri: Hrönn Bergþórsdóttir.

Aðstoðarskólastjórar: Anna Kristín Jóhannesdóttir og Gyða Kristmundsdóttir.



Engidalur

Íþróttahúsið v/Víðistaðatún



Víðistaðatún

	Samantekt á niðurstöðum
<p>Nemendakönnun</p> <p>N = 350 nemendur í 6. til 10. bekk, 45,7% nemenda skólans. 321 nemandi svaraði</p>	<p>Skólinn er við, rétt undir eða yfir meðaltal í öllum tilvikum í þeim 18 samantektarpáttum Skólavogarinnar sem könnunin nær yfir og er skipt í eftirfarandi flokka:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Virkni: Nemendur tjá virkni sína almennt við eða rétt yfir meðaltal Skólavogarinnar. Nemendur meta trú á eigin vinnubrögðum í námi hæst af þeim sex þáttum í þessum flokki.

<p>og er það 74,6% þátttaka.</p> <p>Viðmiðunarhópur er 60 grunnskólar í 28 sveitarfélögum.</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Líðan: Nemendur tjá líðan sína almennt við eða rétt yfir meðaltal Skólavogarinnar. Tíðni eineltis meta nemendur 12,3%, en meðaltal Skólavogar er 11,6%. • Skóla- og bekkjarandi: Nemendur tjá skóla og bekkjaranda almennt við meðaltal Skólavogarinnar. Mikilvægi heimavinnu mælist 5,2 nokkuð yfir meðaltalinu í Skólavoginni (4,8).
<p>Foreldrakönnun</p> <p>N = 122 foreldrar 17,4% nemenda er úrtak. Svarhlutfall er 74,6% (91)</p> <p>Viðmiðunarhópur er 124 grunnskólar í 49 sveitarfélögum.</p>	<p>Könnunin mælir 40 þætti í fimm flokkum. Af þáttunum 40 í samantektartöflu í viðauka eru átta sem ekki eru teknir með í samanburði en fjallað er um þá í texta. Þessir þættir eru meðaltímabil eineltis, staðir innan skólans sem einelti á sér stað innan skólans að mati foreldra, hlutfall nemenda á frístundaheimili, ástæður þess að nemendur nýta ekki þjónustu frístundaheimilis eða mötuneytis, þættir í skólastarfinu sem foreldrar hafa áhrif á og vilja hafa áhrif á og málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali.</p> <p>Skólinn er 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali í fimm (16%) þáttum, við eða rétt yfir meðaltal í 23 þáttum (71%) og í fjórum tilvikum (13%) undir meðaltali í 32 samantektarþáttum Skólavogarinnar um viðhorf sem er skipt í eftirfarandi flokka.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Nám og kennsla: Allir þættir teljast við meðaltal Skólavogarinnar. • Velferð nemenda: Allir þættir við meðaltal að undanskildum tveimur sem varða eineltismál; 52,9% foreldra eru ánægðir með úrvinnslu skólans á eineltismálum og 48,3% með hraðann á úrvinnslunni. Hvoru tveggja er vel undir meðaltali Skólavogar. Foreldrar telja umfang eineltis aðeins hærra en meðaltali Skólavogarinnar er, þ.e. 10,6% á móti 8,9% í Skólavoginni. Meðaltímabil eineltis meta foreldrar hærra en meðaltal Skólavogarinnar eða 1,7 ár á móti 1,4 árum. Eineltisstaði innan skólans nefna flestir foreldrar sem svara spurningunni vera frímínútur á skólalóð, næst flestir nefna frímínútur innan dyra, svo í kennslustundum og í hádegisstund. • Aðstaða og þjónusta: Ánægja foreldra með frístundaheimili mælist rétt undir meðaltali og segja 75,9% foreldra ástæðu fyrir því að þeir noti ekki þjónustuna vera að þeir þurfi hana ekki. Ánægja með mötuneyti (37,5%/69%), mælist vel undir meðaltali Skólavogar. Notkun á mötuneyti er 67,4% en skýring á lágu hlutfalli þátttöku segja 53,6% segja foreldra ástæðuna vera óánægju með matseðil. • Foreldrasamstarf: Ánægja foreldra með síðast foreldraviðtal mælist vel yfir meðaltali 96,3%/90,4%. Foreldrar 48,7% barna segjast hafa áhrif á ákvarðanir varðandi nemendur og er það vel undir meðaltali. Aðrir þættir þættir eru við meðaltal. Málefni sem voru mest rædd í foreldraviðtölum voru framgangur náms, líðan barnsins, niðurstöður prófa/skimana og samskipti í bekknum. Þættir sem foreldrar hafa helst áhrif á eru foreldrasamskipti, félags- og tómstundamál og agamál. Þættir sem þeir vilja hafa meiri áhrif á eru námshraði, val á námsefni, áherslur í námsgreinum og agamál.

- **Heimastuðningur:** Þrjú af sex þáttum eru vel yfir meðaltali Skólavogar, hinir eru við meðaltal. Þar er virkni foreldra í námi barna sinna 5,5/5,0 og 62,2% foreldra segjast verja 15 mínútum á dag eða meira til aðstoðar við heimanám. 77,1% foreldra telja heimavinnu hæfilega sem er einnig vel yfir meðaltali. Sömuleiðis eru nemendur viljugri til að leita eftir þátttöku foreldra gagnvart námi sínu en annars staðar í bæjarskólunum.

Breytingar í Skólapúlsinum núna í ljósi sjónarmiða sem hafa komið áður fram:

1. Einnelti í nemendahópnum

Nemendur töldu einelti og tíðni eineltis vel fyrir ofan meðaltal Skólavogarinnar og það hæsta í grunnskólum Hafnarfjarðar skólaárið 2013 til 2014. Hlutfall ánægðra foreldra með úrvinnslu á eineltismálum var undir meðaltali Skólavogarinnar.

Skólaárið 2014-2015 mátu nemendur einelti og tíðni eineltis ekki eins hátt eða rétt yfir meðaltali Skólavogarinnar og foreldrar töldu umfang eineltis mun lægra en meðaltal Skólavogarinnar. Ánægja foreldra með úrvinnslu eineltismála var yfir meðaltali, en mátu hraða úrvinnslunnar vel undir meðaltali Skólavogarinnar.

Skólaárið 2015-2016 er mat nemenda á einelti rétt yfir meðaltali, þ.e. 5,2% á móti 5,1%. Tíðni eineltis 10,9% á móti 11,6% eða rétt undir meðaltali. Skólaárið 2015-2016 töldu foreldrar umfang eineltis 12,6% á móti 10,6%, í Skólavog, eða rétt yfir meðaltali. 64,3% foreldra sögðust ánægðir með úrvinnslu eineltismála en meðaltal Skólavogar var 60,3% og ánægja með hraða úrvinnslunnar mældist rétt undir meðaltali.

Skólaárið 2016-2017 eru 52,9% foreldra ánægðir með úrvinnslu skólans á eineltismálum og 48,3% með hraðann á úrvinnslunni. Hvoru tveggja vel undir meðaltali Skólavogar. Foreldrar telja umfang eineltis aðeins hærra en meðaltali Skólavogarinnar er, þ.e. 10,6% á móti 8,9% í Skólavoginni. Umfang eineltis er talið minna en sl. ár en færri eru ánægðir með úrvinnsluna. Nemendur meta einelti og tíðni eineltis við meðaltal

2. Mötuneyti nemenda

Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti og notkun á mötuneyti var vel undir meðaltali skólaárið 2014-2015. Skólaárið 2015-2016 er hlutfall ánægðra áfram vel undir meðaltali en notkun er við meðaltal.

Skólaárið 2016-2017 mælist ánægja með mötuneyti (37,5%/69%) vel undir meðaltali. Notkun á mötuneyti er 67,4% og 53,6% segja ástæðuna vera óánægju með matseðil.

3. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur

Var vel undir meðaltali skólaárið 2014-2015, við meðaltal 2015-2016 og hækkar aðeins og er rétt yfir meðaltali skólaárið 2016-2017.

MEGINNIÐURSTAÐA: Yfir jákvæð sjónarmið í gangi en sóknarfæri í því að efla enn samskipti og samstarf við foreldra.

2.7 Öldutúnsskóli

Öldutúnsskóli er næst elsti grunnskólinn í Hafnarfirði og sinnir hann hinum hluta miðbæjarins á mótum Lækjarskóla, oft kallaður Suðurbærinn. Starfsemi skólans hófst árið 1961 og stækkaði skólinn gríðarlega hratt fyrstu árin og áratuginu með auknum nemendafjölda en nemendum hefur fækkað talsvert á síðustu árum. Í Öldutúnsskóla er sérúrræði fyrir nemendur í 8.-10. bekk með vægan náms- og þroskavanda. Skólaárið 2016-2017 voru nemendur um 490 og grunnskólanemendur um 14,5% af íbúum hverfisins. Áætlað er að skólaárið 2017-2018 verði nemendur um 530.

Skólastjóri: Valdimar Víðisson.

Aðstoðarskólastjóri: Margrét Sverrisdóttir.



	Samantekt á niðurstöðum
<p>Nemendakönnun</p> <p>N = 238 nemendur í 6. til 10. bekk, 49% nemenda skólans. 214 nemendur svöruðu og er það 89,9% þátttaka.</p> <p>Viðmiðunarhópur er 124 grunnskólar í 49 sveitarfélögum.</p>	<p>Skólinn er í tveimur þáttum (11%) 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali, rétt undir eða yfir meðaltali í 16 þáttum (89%) og í neinu tilviki undir 0,5 stigum/5 prósentustigum í þeim 18 samantektarþáttum Skólavogarinnar sem könnunin nær yfir og er skipt í eftirfarandi flokka:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Virgni: Nemendur tjá ánægju af náttúrufræði vel yfir meðaltali Skólavogarinnar. Annað telst til meðaltals. • Líðan: Nemendur tjá líðan sína almennt við meðaltal Skólavogarinnar. • Skóla- og bekkjarandi: Mikilvægi heimanáms meta nemendur vel yfir meðaltal (5,4/4,8). Nemendur tjá skóla- og bekkjaranda annars við meðaltal Skólavogarinnar.
<p>Foreldrakönnun</p> <p>N = 117 foreldrar 24% nemenda er úrtak. Svarhlutfall er 84,6% (99).</p>	<p>Könnunin mælir 40 þætti í fimm flokkum. Af þáttunum 40 í samantektartöflu í viðauka eru átta sem ekki eru teknir með í samanburði en fjallað er um þá í texta. Þessir þættir eru meðaltímabil eineltis, staðir innan skólans sem einelti á sér stað innan skólans að mati foreldra, hlutfall nemenda á</p>

<p>Viðmiðunarhópur er 60 grunnskólar í 28 sveitarfélögum.</p>	<p>frístundaheimili, ástæður þess að nemendur nýta ekki þjónustu frístundaheimilis eða mötuneytis, þættir í skólastarfinu sem foreldrar hafa áhrif á og vilja hafa áhrif á og málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali.</p> <p>Skólinn er 0,5 stigum/5 prósentustigum eða meira yfir meðaltali í tíu (31%) þáttum, við eða rétt yfir meðaltal í 20 þáttum (63%) og í tveimur þáttum (6%) undir meðaltali í 32 samantektarþáttum Skólavogarárinnar. Þetta eru spurningar um viðhorf sem skipt er í eftirfarandi flokka:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Nám og kennsla: Foreldrar meta nám, kennslu og agamál vel yfir meðaltali Skólavogarárinnar. Aðrir þættir eru við meðaltal. • Velferð nemenda: Ánægja með samskipti starfsfólks við nemendur, úrvinnslu á eineltismálum, hraða úrvinnslunnar og eineltisáætlun skólans og eru þættir sem eru vel yfir meðaltali Skólavogarárinnar. Foreldrar telja umfang eineltis 6,2%, rétt undir meðaltali Skólavogarárinnar. Þeir meta velferð nemenda við meðaltal Skólavogarárinnar að öðru leyti. Meðaltímabil eineltis meta foreldrar hærra en meðaltal Skólavogarárinnar eða 1,5 ár á móti 1,4 árum. Eineltisstaði innan skólans nefna flestir foreldrar sem svara spurningunni vera frímínútur á skólalóð, næst flestir nefna frímínútur innan dyra svo í kennslustundum og í hádegisstund. • Aðstaða og þjónusta: Ánægja með frístundaheimili mælist rétt undir meðaltali. 89,5% foreldra segja ástæðu fyrir því að þeir noti ekki þjónustuna vera að þeir þurfi hana ekki. Ánægja með mötuneyti mælist 41,3%/69% sem er vel undir meðaltali. Notkun mötuneytis er 64,9% og af þeim sem nýta sér ekki hádegismatinn segja 61,8% ástæðuna vera óánægju með matseðil. • Foreldrasamstarf: Ánægja er með heimasíðu skólans, hversu vel foreldrar eru upplýstir um stefnu og námskrá skólans og þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með börnum sínum mælast vel yfir meðaltali Skólavogarárinnar. Annað við meðaltal. Málefni sem voru mest rædd í foreldraviðtölum voru framgangur náms, líðan barnsins, niðurstöður prófa/skimana og samskipti í bekknum. Þættir sem foreldrar hafa helst áhrif á eru foreldrasamskipti, agamál og námshraði. Þættir sem þeir vilja hafa meiri áhrif á eru áherslur í námsgreinum, námshraði, félags- og tómsundastarf og val á námsefni. • Heimastuðningur: Foreldrar tjá þætti sem tengjast heimastuðningi almennt við meðaltal Skólavogarárinnar að undanskildu því að 76,6% foreldra telja heimavinnu hæfilega sem er vel yfir meðaltali.
---	--

Breytingar í Skólapúlsinum núna í ljósi sjónarmiða sem hafa komið áður fram:**1. Vinnuáðstæður í skólanum**

Foreldrar mátu aðstöðu í skólanum vel undir meðaltali; 4,3/5,0 skólaárið 2015-16 og er mat þeirra enn undir meðaltali 4,3/4,7. Bærinn er í 27. sæti af 28 mögulegum hvað varðar þennan þátt.

2. Úrvinnsla eineltismála

Skólaárið 2015-2016 var hlutfall foreldra sem voru ánægðir með úrvinnslu 69,2% á móti 60,3% í Skólavoginni og hraða úrvinnslu 63,6% á móti 56,4% sem er vel yfir meðaltali.

Skólaárið 2016-2017 mælist ánægja með úrvinnslu á eineltismálum, hraða úrvinnslunnar og eineltisáætlun skólans vel yfir meðaltali Skólavogar. Foreldrar telja umfang eineltis 6,2%, rétt undir meðaltali Skólavogar.

MEGINNIÐURSTAÐA: Jákvæð sjónarmið í gangi sem veita hvatningu til að gera enn betur.

2.8 Rekstrarupplýsingar

Taflan sýnir lykiltölur er varða rekstur grunnskóla Hafnarfjarðarkaupstaðar. Staða sveitarfélagsins er borin saman við stöðuna á landsvísu og höfuðborgarsvæðið. Tölurnar eru fengnar frá Hagstofu Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga og eru fyrir **almanaksárið 2015**.

1. Nemendur og starfsfólk	Staða	Röðun	Landið allt	Höfuðborgarsvæði
1.1. Fjöldi nemenda á hvern starfsmann við kennslu	10,5	6/64	10,0	10,7
1.2 Fjöldi nemenda á hvern kennara	13,3	5/64	12,5	13,3
1.3 Fjöldi nemenda á hverja stjórnunarstöðu	98	11/64	110,3	124,2
1.4 Fjöldi nemenda á hvern almennan starfsmann	28	7/64	27,5	31,6
1.5 Hlutfall starfsmanna við kennslu með réttindi	93,9%	34/64	96,1%	97,9%
1.6 Hlutfall nemenda miðað við íbúafjölda	13,9%	29/64	13,1%	12,8%
2. Kostnaður og tekjur (í þúsundum króna)				
2.1 Árlegur launakostnaður á hvern nemanda	947	62/64	1062	972
2.2 Annar árlegur kostnaður á hvern nemanda	530	45/64	546	521
2.3 Árlegar sértekjur á hvern nemanda	60	45/64	78	70
2.4 Árlegur kostnaður (nettó) á hvern nemanda	1.157	57/64	1.188	1.078
2.5 Árlegur heildarkostnaður (brúttó) á hvern nemanda	1.217	56/64	1.267	1.148
2.6 Meðalárslaun starfsfólks í grunnskólum	7.067	25/64	7.109	7.232
2.7 Innri húsaleiga á hvern nemanda	260	34/64	327	345
2.8 Kostnaðarhlutfall grunnskóla af heildarútgjöldum sveitarfélags	27,3%	33/61	23,3%	21,2%
2.9 Kostnaðarhlutfall grunnskóla miðað við skatttekjur sveitarfélags	26,5%	32/61	23,2%	21,8%

Samantekt

Nemendur og starfsfólk: Bærinn er við eða nálægt meðaltali á öllum þáttum nema hvað varðar fjölda nemenda á stjórnunarstöðu en í bænum eru töluvert færri nemendur á hverja stöðu heldur en á landinu eða höfuðborgarsvæðinu. Einnig má benda á að hlutfall starfsmanna við kennslu með réttindi er lægra í Hafnarfirði en annars staðar á landinu eða höfuðborgarsvæðinu sem skýrist líklega mest af fjölda leiðbeinenda í Hraunvallaskóla.

Kostnaður og tekjur: Árlegur launakostnaður á hvern nemanda er lægri í Hafnarfirði hvort sem miðað er við landið allt eða einungis höfuðborgarsvæðið. Nettó- og brúttókostnaður á hvern nemanda er svipaður. Meðalárslaun starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar eru nokkuð lægri en annars staðar. Bærinn er þar í 25. sæti af 64. Innri húsaleiga á hvern nemanda er einnig lægri en annars staðar. Kostnaðarhlutfall grunnskóla af heildargjöldum bæjarins og miðað við skatttekjur bæjarins er nokkuð hærra en annars staðar.

3. Hvað svo?

Það er ekki einhlítt hvernig leggja skuli mat á niðurstöður viðhorfakannana og það er ekki einfaldara þótt um gögn sé að ræða frá fleiri en einum hagsmunahópi líkt og í Skólapúlsinum (nemendur, foreldrar, starfsfólk skóla). Þó getur fjölgun upplýsingagjafa aukið möguleika á að draga fram skýrar niðurstöður. Samt er alltaf vandi fólgin í því að draga fram raunhæft mat á grundvelli afmarkaðra gagna því þau eru í sjálfu sér ekki veruleikinn, heldur aðeins svör við afmörkuðum og lokuðum spurningum sem eru skildar á persónulegan hátt og af takmörkuðum fjölda svarenda hverju sinni. Framsetning og úrvinnsla Skólavogarinnar á þó að tryggja að niðurstöðurnar verði sem marktækastar, þ.e. úrtakið endurspeglir þýðið í heild sinni að því tilskildu að svarhlutfall sé nægilega hátt. Skólavogin er þannig í reynd áreiðanlegasta mats-tækið sem við höfum nú til að mæla og meta viðhorf hagsmunaðila sem koma að grunnskólastarfinu og fá raunhæfan samanburð (hinir skólarnir í Skólavoginni).

Framangreind samantekt á niðurstöðum Skólapúlsins fyrir hafnfirski grunnskóla og bæjarfélagið í heild sinni markast af framsetningunni. Í framhaldinu mun koma í ljós hvort þessi framsetning færir einstaka skólum og sveitarfélaginu upplýsingar sem nýtast til að fylgja eftir áherslum í skólastarfinu og stuðla að skólaþróun. Gögnin í Skólapúlsinum eru talin geta gefið vísbendingar um viðfangsefni og verkefni sem þörf er á að sinna núna til að efla skólastarfið og vinna að frekari skólaþróun í grunnskólum Hafnarfjarðar.

Skólavogin, sem samantekt upplýsinga úr Skólapúlsinum, er útbúin sem verkfæri fyrir sveitarfélög til að fá raunhæf gögn um starfsemi sinna skóla. Markmiðið er að fá upplýsingar sem geti nýst til að meta starfsemi einstakra skóla og taka ákvarðanir til úrbóta á grunni trúverðugra gagna. Í þeim tilgangi er þessi skýrsla gerð með ábendingum um umbótaverkefni sem skólar/sveitarfélagið ættu að leggja áherslu á. Frá þeim sjónarhóli eru umbótaverkefni því bæði verkefni einstakra skóla og sveitarfélagsins. Þau eru þannig bæði hluti af ytra mati (sveitarfélags) og innra mati (grunnskóla). Skólavogsskýrslan 2016-2017 fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar færir bæði sveitarfélaginu og einstaka skólum verkefni eins og að framan er greint. Í kjölfarið tekur við umbótatími sem er eitt skólaár hið minnsta en einstök umbótaverkefni geta verið til fleiri skólaára. Það er Skrifstofu fræðslu- og frístundaþjónustu að fylgja þeim eftir.

Þetta er í fjórða skipti sem umrædd samantekt er gerð á niðurstöðum Skólapúlsins fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar. Þegar búið er að gera slíka rannsókn oftast en einu sinni fæst samanburður – og þess heldur því oftast sem rannsókn fer fram á sama hátt. Slíkt gefur möguleika til að gera innbyrðis samanburð milli ára. Það færir skólum, og sveitarfélögum, tækifæri til að sjá hvort breytingar í niðurstöðum milli ára gefi framfarir til kynna á þeim þáttum sem talið var æskilegt að sinna í umbótaferli. Að því leyti skiptir máli að halda föstum verkferlum í gangi líkt og árlegri þátttöku í Skólapúlsinum og umbótaverkefnum í kjölfarið.

Meginatriði í framhaldi niðurstaðna Skólapúlsins/-vogarinnar og skýrslugerðarinnar eru:

1. Hver skóli gerir mats-, símenntunar- og umbóta- og þróunaráætlun sem hluti starfsáætlunar skólans á grunni þessarar skýrslu og annarra upplýsinga. Sömuleiðis er það sveitarfélagsins að meta þörf fyrir frekari bjargir til skólustarfsins í heild sinni, þ.e. aðstæður sem eru sameiginlegar fyrir alla grunnskóla bæklarins
2. Skrifstofa fræðslu- og frístundaþjónustunnar skoðar niðurstöður Skólapúlsins og leggur til sínar áherslur í mats-, símenntunar- og umbóta- og þróunaráætlun skólans (þessi skýrsla færir þær niðurstöður auk þess sem skólinn hafði áður fengið sjálfur um sig í Skólapúlsinum). Frekari umræða við einstaka skóla er síðan skoðaður.
3. Hver skóli yfirfer/endurskoðar eigin mats-, símenntunar- og umbóta- og þróunaráætlun (stefna, staða og væntanlegar aðgerðir) í ljósi þessarar skýrslu eins og þörf er á (form hefur verið hannað af Skrifstofu fræðslu- og frístundaþjónustunnar í starfsáætlunarforminu).
4. Skóli kynnir mats-, símenntunar- og umbóta- og þróunaráætlun sína (starfsfólk, skólaráð, starfsáætlun/skólavefur).
5. Skóli vinnur að umbótaverkefnum yfir skólaárið.
6. Mælingar Skólapúlsins eru endurteknaðar að ári og staða metin á ný, þ.e. árangur umbótaverkefna með sérstöku tilliti til fyrri niðurstaðna Skólapúlsins.
7. Skrifstofa fræðslu- og frístundaþjónustunnar fylgir eftir umbótaverkefnum og árangri þeirra í einstaka skólum.

Þetta er vinnuferli sem er í frekari mótun og þróun í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla (2011).

Viðauki

Viðauki 1: Samantekt kannana

Nemendakönnun*

	Áslandsskóli	Hraunvallaskóli	Hvaleyrarskóli	Lækjarskóli	Setbergsskóli	Víðstaðaskóli	Öldutúnsskóli	Hafnarfjörður	Sæti af 48/49	Skólavogin (Landtö allir)
Svarhlutfall (%)	82,1	86,5	90,0	96,5	91,1	86,5	89,9	89,5	-	-
1. Virkni										
1.1 Ánægja af lestri	5,1	4,6	4,5	4,8	4,8	4,7	5,1	4,8	29/49	4,9
1.2 Þrautseigja í námi	5,9	5,1	5,1	4,7	5,5	5,3	5,2	5,2	4/48	5,1
1.3 Áhugi á stærðfræði	5,4	5,2	4,7	5,0	5,4	5,1	5,3	5,2	15/49	5,2
1.4 Ánægja af náttúrufræði	5,4	4,4	4,6	4,6	5,1	5,2	5,6	5,0	27/49	5,0
1.5 Trú á eigin vinnubrögðum í námi	5,5	5,2	4,9	4,8	5,4	5,4	5,3	5,2	7/48	5,1
1.6 Trú á eigin námsgetu	5,3	5,0	5,0	4,8	5,5	5,2	5,3	5,1	6/49	5,0
1. Líðan										
2.1 Sjálfsálit	5,3	5,2	4,6	4,7	5,5	5,2	5,4	5,1	11/48	5,0
2.2 Stjórn á eigin lífi	5,3	5,0	4,6	4,7	5,5	5,0	5,2	5,0	9/48	4,9
2.3 Velliðan	5,2	5,1	4,7	4,6	5,4	5,1	5,0	5,0	13/49	4,9
2.4 Einelti**	4,6	5,2	5,2	5,7	4,7	5,2	5,0	5,1	34/49	5,2
2.5 Tíðni eineltis (%)**	12,6%	14,0%	13,8%	18,7%	5,3%	12,3%	7,0%	12,3	24/49	11,6
2.6 Tíðni hreyfingar 2x í viku eða oftar (%)	52,9%	40,5%	41,8%	35,0%	48,2%	44,9%	45,6%	43,9	17/48	41,6
2.7 Holtt mataræði	5,4	4,8	4,6	4,9	4,9	5,0	4,8	4,9	6/48	4,8
3. Skóla- og bekkjarandi										
3.1 Samsömun við nem.hóp	5,5	5,1	4,6	4,7	5,4	5,2	5,4	5,0	11/48	5,1
3.2 Samband nemenda við kennara	5,4	5,0	4,8	4,5	4,8	5,0	5,4	5,0	39/49	5,1
3.3 Agi í tímum	5,4	4,6	4,9	4,8	5,5	5,0	5,0	5,0	31/49	5,1
3.4 Virk þáttt. nem. í tímum	5,6	4,7	5,0	4,4	4,6	5,1	5,5	5,0	40/49	5,2
3.5 Mikilvægi heimavinnu í náminu	5,5	4,8	4,7	4,3	5,3	5,2	5,3	5,0	19/48	4,8
(%)	28	0	0	0	39	0	11	0		
(%)	72	83	89	72	56	100	89	100		
(%)	0	17	11	28	5	0	0	0		

* 1635 svara af 1817 nemenda í 6. til 10. bekk en þeir eru úrtakið og svarhlutfall þeirra er því 88,9%. Í grunnskólum Hafnarfjarðar eru alls 3864 nemendur. Svarendur eru 42,3% ef reiknað er út frá öllum nemendum í 1.-10. bekkjum bæjarins.

** Hér eru gildi öfug miðað við önnur í töflunni – lág tala: betri niðurstöður. Hátt gildi þýðir meira einelti og lágt gildi minna einelti.

Í dálkinum sem nefndur er sæti má sjá hvar í röðinni sveitarfélagið er á meðal þeirra sveitarfélaga sem tóku þátt í könnuninni. Röðunartölur eru grænar ef að sveitarfélagið er í hópi þeirra 25% sveitarfélaga sem eru með hagstæðustu útkomuna á viðkomandi þætti. Rauðar röðunartölur merkja að sveitarfélagið sé í hópi þeirra 25% sveitarfélaga sem eru með óhagstæðustu útkomuna í viðkomandi matsþætti.

Foreldrakönnun

	Áslandsskóli	Hraunvallaskóli	Hvaleyrarskóli	Lækjarskóli	Setbergsskóli	Viðistaðaskóli	Öidutúnsskóli	Hafnarfjörður	Sæti af 28	Skólavogin (Landið allt)
Svarhlutfall (%)	64,5	91,7	77,0	68,9	80,0	74,6	84,6	77,3	-	-
1. Nám og kennsla										
1.1 Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	5,6	4,5	5,1	5,1	5,1	5,1	5,7	5,1	15	5,1
1.2 Nám í takt við grunnstoðir aðalnámsskrár að mati foreldra	5,0	4,7	4,9	4,7	4,9	5,0	5,3	4,9	23	5,1
1.3 Ánægja foreldra með stjórnun skólans (%)	90,7	82,8	93,7	87,5	87,5	92,8	93,8	89,3	19	90,5
1.4 Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra (%)	84,8	83,2	78,6	78,0	78,2	84,5	82,5	82,3	25	84,0
1.5 Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra (%)	94,9	72,0	70,7	69,9	82,2	79,0	85,4	78,8	12	77,6
2. Velferð nemenda										
2.1 Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	5,0	4,7	4,9	4,7	4,9	5,0	5,3	4,9	20	4,7
2.2 Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nem. (%)	85,9	77,0	89,2	78,0	91,1	82,9	87,5	83,5	28	87,3
2.3 Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt (%)	96,2	86,3	89,4	88,0	92,3	90,6	92,8	90,4	20	92,3
2.4 Líðan nem í kennslustundum að mati for. almennt (%)	96,2	87,3	95,3	88,0	94,4	86,7	94,8	91,2	17	91,6
2.5 Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt (%)	93,6	85,3	87,1	88,1	91,1	95,3	89,7	89,9	20	90,8
2.6 Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra (%) *	8,9	11,8	15,5	6,0	12,1	10,6	6,2	10,1	8	8,9
2.7 Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum (%)	77,8	44,8	58,3	71,4	71,4	52,9	68,8	61,6	12	60,5
2.8 Ánægja foreldra m. hraða á úrvinnslu á eineltismálum (%)	57,1	55,2	47,8	71,4	66,7	48,3	62,5	57,0	14	56,4
2.9 Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans (%)	82,2	76,4	72,7	84,6	89,2	75,5	91,2	81,0	16	79,4
2.10 Meðaltímabil eineltis (ár)	1,3	1,2	1,4	1,4	1,4	1,7	1,5	1,4	15	1,4
2.11 Staðir innan skólans sem einelti á sér stað að mati foreldra	Sjá töflu á blaðsíðu 47									

*Hér eru gildi öfug miðað við önnur í töflunni – **lægri tala: betri niðurstöður**. Hátt gildi þýðir meira einelti og lágt gildi minna einelti.

	Áslandsskóli	Hraunvallaskóli	Hvaleyrarskóli	Lækjarskóli	Setbergsskóli	Víðistaðaskóli	Öldutúnsskóli	Harfnarfjörður	Sæti af 28	Skólavogin (Landið allt)
3. Aðstaða og þjónusta										
3.1 Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	4,5	4,6	4,6	5,1	5,1	4,7	4,3	4,7	27	4,7
3.2 Ánægja foreldra með tómstundaþjónustu/frístundaheim.	5,4	4,2	5,2	3,9	4,9	4,6	4,5	4,6	23	4,8
3.3 Hlutfall nem. í tómstundaþjónustu/frístundaheimili (%)	46,2	30,3	41,2	39,8	50,0	33,3	40,6	40,3	22	37,9
3.4 Ástæður fyrir því að foreldrar nýta ekki þjónustuna	Sjá töflu á blaðsíðu 45									
3.5 Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti (%)	85,5	56,9	59,3	35,2	41,5	37,5	41,3	51,3	28	69,0
3.6 Notkun á mötuneyti (%)	90,0	70,6	63,5	64,3	70,7	67,4	64,9	70,5	27	86,1
3.7 Ástæður þess að nem. nýta ekki mötuneyti, verð (%)	0,0	3,4	6,9	3,3	0,0	3,6	2,9	2,9	5/22	2,8
4. Foreldrasamstarf										
4.1 Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	4,6	4,8	5,2	4,9	4,7	5,1	5,0	4,9	22	5,0
4.2 Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur (%)	57,7	51,1	58,3	51,3	52,4	48,7	56,2	52,7	25	56,7
4.3 Leitað eftir tillögum og ábendingar teknar til greina (%)	55,6	53,8	58,1	58,1	55,7	56,0	59,5	56,4	24	60,4
4.4 Þættir í skólastarfinu sem foreldra hafa áhrif á										
4.5 Þættir í skólastarfinu sem foreldrar vildu hafa áhrif á										
4.6 Ánægja með síðasta foreldraviðtal	96,1	91,6	98,8	90,1	94,5	96,3	89,7	93,7	16	90,4
4.7 Málefni sem voru rædd í síðasta foreldraviðtali	Sjá töflu á blaðsíðu 46									
4.8 Þáttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum að mati foreldra (%)	48,6	53,2	52,4	39,2	40,5	48,8	60,9	49,5	18	53,5
4.9 Mikilvægi þess að gera námáætlun með nemanda að mati foreldra (%)	75,4	83,0	76,6	81,9	82,7	84,8	87,8	82,0	21	84,2
4.10 Ánægja foreldra með heimasíðu skólans (%)	83,6	64,3	84,1	80,5	93,4	81,9	87,5	80,3	13	82,4
4.11 Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá (%)	77,8	66,7	77,4	60,2	75,4	73,3	85,9	72,9	15	72,2

	Áslandsskóli	Hraunvallaskóli	Hvaleyrarskóli	Lækjarskóli	Setbergsskóli	Viðistaðaskóli	Öldutúnsskóli	Hafrarfjörður	Sæti af 28	Skólavogin (Landið allt)
5. Heimastuðningur										
5.1 Virkni foreldra í námi barna sinna	4,8	5,0	5,5	5,1	4,9	5,5	5,3	5,2	9	5,0
5.2 Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið	5,1	4,7	4,6	4,7	4,8	5,1	5,1	4,9	9	4,8
5.3 Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	4,2	4,2	4,4	4,1	4,1	5,0	4,2	4,3	19	4,4
5.4 Hæfileg heimavinna að mati foreldra (%)	69,3	72,9	69,9	66,7	73,3	77,1	76,6	72,5	17	70,3
5.5 Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám, +15 mín (%)	61,3	62,1	62,7	59,8	44,4	62,2	60,2	59,7	9	55,5
5.6 Væntingar foreldra til mentunarstigs barns síns (%)	86,4	77,6	70,5	65,8	78,8	81,2	79,5	77,6	5	77,4
%	31	3	6	13	13	16	31	0		
%	66	53	66	57	71	71	63	94		
%	3	44	28	30	16	13	6	6		

Í dálkinum sem nefndur er sæti má sjá hvar í röðinni sveitarfélagið er á meðal þeirra sveitarfélaga sem tóku þátt í könnuninni. Röðunartölur eru grænar ef að sveitarfélagið er í hópi þeirra 25% sveitarfélaga sem eru með hagstæðustu útkomuna á viðkomandi þætti. Rauðar röðunartölur merkja að sveitarfélagið sé í hópi þeirra 25% sveitarfélaga sem eru með óhagstæðustu útkomuna á viðkomandi matsþætti.

* Skýringar á svörum v. eineltis, (2.11), notkun tómstundapjónustu (3.4), þátta sem foreldrar hafa (4.4), og vildu hafa áhrif á (4.5) í skólastarfinu og samtalsefnis í foreldrasamtali (4.7)	Áslandsskóli	Hraunvallaskóli	Hvaleyrarskóli	Lækjarskóli	Setbergsskóli	Víðistaðaskóli	Öldutúnsskóli	Hafrarfjörður		Skólavogin (Landið allt)
2.1 Staðir innan skólans sem einelti á sér stað að mati foreldra	N: 9	N: 29	N: 24	N: 10	N: 21	N: 17	N: 17	127		
Á netinu eða GSM %	10,0	10,3	8,3	20	4,8	16,7	5,9	10,1		13,0
Í frímínútum innandyrna %	10,0	69	62,5	60	52,4	55,6	52,9	55,8		53,3
Í kennslustundum %	50,0	37,9	25	30	26,8	44,4	52,9	37,2		35,0
Í frímínútum á skólalóð %	50,0	91,3	91,7	90	90,5	83,3	88,2	86,8		81,2
Í íþróttatímum %	20,0	20,7	37,5	10	23,8	16,7	23,5	23,3		25,8
Í búningsklefum	0,0	31	54,2	10	33,3	16,7	29,4	29,5		28,3
Í hádegisstund %	30,0	44,8	41,7	50	38,1	33,3	52,9	41,9		37,3
Á leiðinni til og frá skóla %	10,0	10,3	33,3	40	23,8	5,6	11,8	18,6		21,3
Annars staðar %	20,0	0	12,5	10	4,8	5,6	17,6	8,5		6,8
3.4 Ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómstundapjónustu	N: 42	N: 64	N: 48	N: 48	N: 44	N: 57	N: 56	359		
Of mikill akstur %	0	0	0	0	0	0	0	0		1,6
Þarf hana ekki %	77,6	80,4	66,0	80,0	80,4	75,9	89,5	79,3		82,1
Of dýr %	4,7	4,7	8,0	8,0	2,2	6,9	7,0	6,0		5,3
Hef ekki fengið pláss %	0	0	0,0	0,0	0,0	1,7	1,8	0,5		0,7
Óánægð með starfseminu %	2,3	3,1	6,0	10,0	2,2	8,6	3,5	5,2		2,8
Óánægð með starfsfólkið %	0	0	2,0	0,0	0,0	3,4	0,0	0,8		1,7
Óánægð m aðstöðu/húsnæði %	0	3,1	2,0	2,0	0,0	1,7	0,0	1,4		1,4
Annað %	18,6	12,5	22,0	16,0	17,4	13,8	7,0	14,9		12,7
4.4 Þættir í skólastarfinu sem foreldrar hafa áhrif á	N: 45	N: 60	N: 49	N: 51	N: 57	N: 56	N: 69	387		
Foreldrasamskipti %	27,4	24,2	31,9	28,7	35,8	32,0	42,7	31,7		34,8
Félags- og tómstundastarf %	7,3	14,2	9,7	9,8	11,7	16,4	9,4	11,2		16,7
Stjórnun og stefnumótun %	0	1,7	0,9	0	1,7	1,6	2,6	1,2		2,4
Kennslufyrirkomulag %	1,6	8,9	3,5	3,3	6,7	4,1	2,6	4,3		5,5
Val á námsefni %	2,4	10,0	6,2	4,1	5,8	7,4	6,0	6,0		5,9
Námshraði %	8,1	20,0	10,2	10,7	10,0	12,3	12,0	11,9		15,0
Áherslur í námsgreinum %	3,2	11,7	3,5	4,1	5,0	5,7	5,1	5,5		7,9
Agamál %	11,3	22,5	15,0	13,9	14,2	14,2	17,9	15,4		16,7
Annað %	3,2	0,8	5,0	6,6	5,8	8,2	4,3	5		4,3

	Áslandsskóli	Hraunvallaskóli	Hvaleyrarskóli	Lækjarskóli	Setbergsskóli	Víðistaðaskóli	Öldutúnsskóli	Hafrarfjörður		Skólavogin (Landið allt)
4.5 Þættir í skólastarfinu sem foreldrar vilja hafa meiri áhrif á	N: 47	N: 94	N: 60	N: 56	N: 55	N: 62	N: 66			
Foreldrasamskipti %	13,7	16,7	16,8	8,2	11,7	9,8	13,7	12,9		12,0
Félags- og tómstundastarf %	10,5	15,8	19,5	14,8	12,5	14,8	20,5	15,4		13,5
Stjórnun og stefnumótun %	5,6	14,2	10,6	4,9	9,2	3,3	9,4	8,1		8,2
Kennslufyrirkomulag %	10,5	27,5	13,3	13,1	14,9	17,2	12,0	14,9		15,1
Val á námsefni %	12,9	19,2	21,2	23,0	16,7	21,3	18,8	19,0		19,6
Námshraði %	16,1	19,2	21,2	22,1	23,3	23,8	22,2	21,1		18,9
Áherslur í námsgreinum %	9,7	22,5	23,0	18,9	15,8	21,3	26,5	19,6		19,6
Agamál %	5,6	20,0	23,9	10,7	14,2	22,1	16,2	16,0		15,4
Annað %	4,0	0,8	2,7	4,1	5,8	2,5	4,3	3,5		4,0
4.7 Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali	N: 78	N: 94	N: 85	N: 83	N: 91	N: 85	N: 97			
Framgangur náms %	60,5	72,5	71,7	63,9	73,3	65,6	78,6	69,3		66,4
Sameiginlegar ákvarðanir umskólagöngu barnsins %	25,0	21,7	31,0	25,4	24,2	20,5	31,6	25,5		26,6
Niðurstöður prófa/skimana %	60,5	62,5	64,6	53,3	64,2	54,9	69,2	61,2		57,5
Samskipti í bekknum %	51,6	55,8	54,9	53,3	58,3	47,5	68,4	55,6		53,1
Líðan barnsins %	47,6	69,2	65,5	60,7	68,3	61,5	73,5	63,6		61,5
Annað %	3,2	2,5	4,4	4,1	5,5	7,4	8,5	5,0		4,4

***N tilgreinir fjölda þeirra sem svöruðu viðkomandi spurningu. Hver og einn merkir síðan við einn eða fleiri möguleika.**

Viðauki 2: Nemendakönnun – útskýringar á spurningum

1. VIRKNI

1.1 Ánægja af lestri

Lýsing: Ánægja af lestri (e. Enjoyment of reading) er mælikvarði sem þróaður var af OECD fyrir PISA 2000. Samkvæmt OECD hafa fyrri rannsóknir stofnunarinnar sýnt að nemendur með jákvætt viðhorf til lesturs og nemendur sem lesa mikið eru með betri lesskiling. Jafnframt hefur verið sýnt fram á að ánægja af lestri bætir upp neikvæð áhrif af bágri félagslegri stöðu. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0-10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Hve ósammála eða sammála ert þú eftirfarandi setningum um lestur?

- Liður 1: Ég les bara þegar ég verð að gera það.
- Liður 2: Lestur er eitt af uppáhaldsáhugamálum mínum.
- Liður 3: Mér finnst gaman að tala um bækur við aðra.
- Liður 4: Mér finnst erfitt að klára bækur sem ég er að lesa.
- Liður 5: Ég verð ánægð(ur) ef ég fæ bók að gjöf.
- Liður 6: Lestur er tímasóun fyrir mig.
- Liður 7: Mér finnst gaman að fara í bókabúð eða á bókasafn.
- Liður 8: Ég les eingöngu til að fá þær upplýsingar sem ég þarfnast.
- Liður 9: Ég get ekki setið kyrr og lesið í meira en nokkrar mínútur.
- Liður 10: Mér finnst gaman að segja skoðanir mínar á bókum sem ég hef lesið
- Liður 11: Mér finnst gaman að skiptast á bókum við vini mína

1.2 Þrautseigja í námi

Lýsing: Þrautseigja í námi (e. Effort and perserverance) er mælikvarði sem þróaður var af OECD fyrir PISA 2000. Mælikvarðinn samanstendur af fjórum spurningum sem saman mæla einn undirliggjandi þátt. Þrautseigja í námi vísar til þess hversu mikið nemandinn leggur sig fram. Hugtakið hefur fengið mikla athygli í baráttunni við að koma í veg fyrir að nemendur flosni úr námi. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0-10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Hve oft eiga eftirfarandi setningar við um þig?

- Liður 1: Þegar ég læri, legg ég eins hart að mér og mögulegt er.
- Liður 2: Þegar ég læri þá held ég áfram jafnvel þó efnið sé erfitt.
- Liður 3: Þegar ég læri, reyni ég að gera mitt besta til að ná tökum á þeirri þekkingu og hæfni sem verið er að kenna.
- Liður 4: Þegar ég læri legg ég mig alla(n) fram.

1.3 Áhugi á stærðfræði

Lýsing: Áhugi á stærðfræði (e. Interest and enjoyment of Math) er mælikvarði sem þróaður var af OECD fyrir PISA 2003. Mælikvarðinn samanstendur af fjórum spurningum sem saman mæla einn undirliggjandi þátt. Áhugi og ánægja af tilteknu námsefni hafa áhrif á stöðugleika í námi einstaklingsins og hve mikið hann leggur á sig við lærdóminn, óháð því hvert viðhorf hans er til skóla og lærdóms. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0-10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikðið 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Ef þú hugsar um stærðfræði: Hve sammála ertu eftirfarandi setningum?

- Liður 1: Ég hef gaman af því að lesa um stærðfræði.
- Liður 2: Ég hlakka til stærðfræðitíma.
- Liður 3: Ég sinni stærðfræðináminu vegna þess að mér finnst gaman í stærðfræði.
- Liður 4: Ég hef áhuga á því sem ég læri í stærðfræði.

1.4 Ánægja af náttúrufræði

Lýsing: Kvarðinn Ánægja af náttúrufræði á uppruna sinn í PISA rannsóknunum. Kvarðanum var bætt við haustið 2013 og tók þá við af kvarðanum Persónulegt gildi náttúruvísinda sem verið hafði í listanum frá árinu 2008. Ánægja af náttúrufræði er mæld með því að spyrja hversu sammála/ósammála nemendur eru fimm fullyrðingum.

Hversu sammála ertu eftirfarandi setningum?

- Liður 1: Mér finnst yfirleitt gaman þegar ég er að læra um náttúrufræði
- Liður 2: Mér finnst gaman að lesa um náttúrufræði
- Liður 3: Ég er ánægð(ur) þegar ég er að leysa verkefni í náttúrufræði
- Liður 4: Mér finnst gaman að læra eitthvað nýtt í náttúrufræði
- Liður 5: Ég hef áhuga á að læra um náttúrufræði

1.5 Trú á eigin vinnubrögð í námi

Lýsing: Með vinnubrögðum í námi (self-regulated learning) er átt við kerfisbundna viðleitni nemandans til að beina hugsunum sínum, tilfinningum og gerðum að því að uppfylla eigin námsmarkmið. Þessi mælikvarði var búinn til af Albert Bandura og veitir upplýsingar um trú nemenda á eigin vinnubrögð í námi. Mælikvarðinn var þýddur og forþróaður af Skólalámsáttakinu. Hann samanstendur af sjö spurningum sem saman mæla einn undirliggjandi þátt. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0-10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikðið 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Hversu vel treystir þú þér til að geta eftirfarandi?

- Liður 1: haldið mér að námi þegar eitthvað annað áhugavert er í boði
- Liður 2: alltaf einbeitt mér að námsefninu í kennslustundum
- Liður 3: tekið góðar glósur í kennslustundum

- Liður 4: notað bókasafnið til að afla upplýsinga fyrir skólaverkefni
- Liður 5: gert áætlun um hvað ég geri í skólanum í dag
- Liður 6: skipulagt skólavinnu mína
- Liður 7: fest mér í minni upplýsingar sem ég fæ í kennslustundum og úr námsbókum

1.6 Trú á eigin námsgetu

Lýsing: Trú á eigin námsgetu vísa til trúar nemandans á það að hann geti klárað tiltekið námstengt viðfangsefni s.s. að ná prófum, sýna tiltekna hæfni eða uppfylla önnur námsmarkmið. Sýnt hefur verið fram á tengsl á milli ríkrar trúar á eigin námsgetu og framfara í námi og eins á milli lágrar trúar á eigin námsgetu og lítilla framfara. Þessi mælikvarði er þýddur og forprófaður af Skólapúlsinum úr kvarða sem upprunalega var búinn var til af Albert Bandura. Hann samanstendur af 13 spurningum sem saman mæla einn undirliggjandi þátt. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0-10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Hversu vel treystir þú þér til að geta eftirfarandi?

- Liður 1: lært íslensku
- Liður 2: lært stærðfræði
- Liður 3: lært dönsku
- Liður 4: lært ensku
- Liður 5: lært íþróttir – líkams- og heilsurækt
- Liður 6: lært náttúrufræði og umhverfismennt
- Liður 7: lært samfélagsgreinar
- Liður 8: lært kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði
- Liður 9: lært listgreinar
- Liður 10: lært lífsleikni
- Liður 11: lært heimilisfræði
- Liður 12: lært hönnun og smíði
- Liður 13: lært upplýsinga- og tæknimennt

2. LÍÐAN

2.1 Sjálfsálit

Lýsing: Mæling á sjálfsáliti gefur til kynna hversu mikils virði nemandanum finnst hann vera. Sjálfsálit er mælt með hinum svokallaða Rosenberg kvarða sem aðlagður hefur verið að stöðlunarúrtaki Skólapúlsins. Íslenska þýðingin er fengin hjá Námsmatsstofnun. Mælikvarðinn samanstendur af 9 spurningum sem saman mæla einn undirliggjandi þátt. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0-10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Hve ósammála eða sammála ert þú eftirfarandi setningum?

- Liður 1: Mér finnst ég vera að minnsta kosti jafn mikils virði og aðrir.
- Liður 2: Ég hef marga góða eiginleika.
- Liður 3: Ég er misheppnuð/misheppnaður.
- Liður 4: Ég get gert margt jafn vel og aðrir.
- Liður 5: Það er ekki margt sem ég get verið stolt/ur af.
- Liður 6: Ég hef jákvætt viðhorf til sjálfrar/sjálfs míns.
- Liður 7: Ég er ánægð/ur með sjálfa/n mig.
- Liður 8: Ég vildi óska að ég bæri meiri virðingu fyrir sjálfri/sjálfum mér.
- Liður 9: Stundum finnst mér ég einskis virði.

2.2 Stjórn á eigin lífi

Lýsing: Mælingar á stjórn á eigin lífi (locus of control) voru þróaðar árið 1954 af Julian B. Rotter. Sú þýðing sem notuð er hér er frá árinu 2003 og fengin frá Námsmatsstofnun. Mæling á stjórn á eigin lífi segir til um hvað nemandinn heldur að orsaki velgengni eða hrakfarir í hans eigin lífi. Mælikvarðinn samanstendur af sjö spurningum sem saman mæla einn undirliggjandi þátt. Hann er normaldreifður frá 0-10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Hve ósammála eða sammála ert þú eftirfarandi setningum?

- Liður 1: Það er í raun útilokað fyrir mig að ráða fram úr sumum vandamálum mínum.
- Liður 2: Stundum finnst mér að aðrir séu að ráðskast með líf mitt.
- Liður 3: Ég hef litla stjórn á því sem kemur fyrir mig í lífinu.
- Liður 4: Ég get gert næstum allt sem ég einbeiti mér að.
- Liður 5: Oft veit ég ekki hvað ég á að gera þegar ég stend frammi fyrir vandamálum í lífinu.
- Liður 6: Framtíð mín ræðst aðallega af mér sjálfri/sjálfum.
- Liður 7: Það er lítið sem ég get gert til að breyta mikilvægum hlutum í lífi mínu.

2.3 Velliðan

Lýsing: Kvarðanum Velliðan var bætt við Skólapulúsin haustið 2013. Kvarðinn tekur við af kvarðanum Vanlíðan og kvarðanum Kvíða sem voru með í Skólapulúsinum frá árinu 2008. Kvarðinn á uppruna sinn í PISA rannsóknunum og mælir breiðara róf tilfinninga en fyrri kvarðar ásamt því að mæla einnig jákvæðar tilfinningar. Velliðan er mæld með því að spyrja hversu of nemendur upplifðu tíu gerðir tilfinninga deginum áður.

Hugsaðu um hvað þú gerðir og upplifðir í gær. Merktu síðan við hve mikið þú upplifðir hverja af eftirfarandi tilfinningum.

- Liður 1: Gleði
- Liður 2: Ró

- Liður 3: Áhyggjur
- Liður 4: Dapur/Döpur
- Liður 5: Hamingja
- Liður 6: Niðurdregin(n)
- Liður 7: Reiði
- Liður 8: Streita
- Liður 9: Preyta
- Liður 10: Brosti eða hló

2.4 Einelti

Lýsing: Sá mælikvarði sem notaður er til að mæla einelti er fenginn frá Námsmatsstofnun og er frá árinu 2005. Mælikvarðinn samanstendur af sex spurningum sem saman mæla einn undirliggjandi þátt. Mælikvarðinn er mjög jákvætt skekktur en normaldreifing er fengin fram með umbreytingu. Meðaltalið er 5 og staðalfrávikid 2. Á mælikvarðanum um einelti þýða há gildi meira einelti, ólíkt öðrum matsþáttum í nemendakönnun Skólapúlsins er hátt gildi slæmt. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Hve oft gerðist eftirfarandi á síðustu 30 dögum?

- Liður 1: Mér fannst að einhver væri að baktala mig.
- Liður 2: Ég var beitt(ur) ofbeldi.
- Liður 3: Ég var skilin(n) útundan.
- Liður 4: Einhver sagði eitthvað særandi við mig.
- Liður 5: Mér leið mjög illa af því hvernig krakkarnir létu við mig.
- Liður 6: Mér leið mjög illa af því sem krakkarnir sögðu um mig eða við mig á netinu.

2.5 Tíðni eineltis

Lýsing: Spurningunni Tíðni eineltis var bætt við árið 2013. Spurningin á uppruna sinn í PISA rannsóknunum. Tíðni eineltis er mæld með einni spurningu þar sem nemendur eru spurðir hve mörgum sinnum á síðustu 12 mánuðum þeir hafa verið lagðir í einelti og einelti skilgreint á eftirfarandi hátt: Að vera lagður/lögð í einelti er til dæmis þegar annar nemandi eða hópur af nemendum stríðir manni aftur og aftur, ógnar, slær, sparkar í eða skilur mann útundan. Á mælikvarðanum á tíðni einelti þýðir hátt gildi meira einelti, ólíkt öðrum matsþáttum í nemendakönnun Skólapúlsins er hátt gildi slæmt. Hlutfallið gefur til kynna hversu margir nemendur upplifuðu einelti undanfarið ár.

Að vera lagður/lögð í einelti er til dæmis þegar annar nemandi eða hópur af nemendum stríðir manni aftur og aftur, ógnar, slær, sparkar í eða skilur mann útundan.

- Liður 1: Á síðustu 12 mánuðum, hve mörgum sinnum hefur þú verið lagður/lögð í einelti í skólanum?

2.6 Hreyfing

Lýsing: Núverandi spurningum um hreyfingu var bætt við Skólapúlsinn haustið 2013. Spurningarnar tóku við af kvarða sem mældi þátttöku í íþróttum sem hafði verið með frá árinu 2008. Spurningarnar eiga uppruna sinn hjá stofnuninni National Health Observances (NHO) undir heilbrigðismálaráðuneyti Bandaríkjanna. Hreyfing er mæld með því að spyrja nemendur hversu sammála/ósammála þeir eru fjórum fullyrðingum. Talan sem gefin er upp sýnir hlutfall nemenda sem voru sammála eða mjög sammála öllum fullyrðingunum.

Hve sammála eða ósammála ertu eftirfarandi setningum um þig sjálfa(n)?

- Liður 1: Mér finnst gaman þegar ég reyni á mig líkamlega
- Liður 2: Það gefur mér orku þegar ég reyni á mig líkamlega
- Liður 3: Mér líður vel í skrokknum þegar ég reyni á mig líkamlega
- Liður 4: Mér finnst mér ganga vel í öllu þegar ég reyni á mig líkamlega

2.7 Mataræði

Lýsing: Kvarðanum Mataræði var bætt við Skólapúlsinn haustið 2013. Kvarðinn á uppruna sinn í PISA rannsóknunum. Mataræði er mælt með því að spyrja hversu oft nemendur neyttu fimm fæðutegunda á síðustu sjö dögum.

Á síðustu 7 dögum, hve oft borðaðir þú eða drakkst eftirfarandi?

- Liður 1: Ávextir (t.d. epli, appelsínur, bananar)
- Liður 2: Skyndibitar (t.d. hamborgarar, pítsa, franskar kartöflur)
- Liður 3: Grænmeti (t.d. gulrætur, salat, gúrka, paprika)
- Liður 4: Gosdrykkir (t.d. kók, pepsí)
- Liður 5: Vítamín eða fjölvítamín

3. SKÓLA- OG BEKKJARANDI

3.1 Samsömun við nemendahópinn

Lýsing: Mælikvarðinn sem metur líðan í skólanum var þróaður af OECD fyrir PISA 2000 og einnig notaður í PISA 2003. Þessum mælikvarða er ætlað að draga saman viðhorf nemenda til skólans, meta að hve miklu leyti nemendum þykir þeir tilheyra skólanum og skólameningunni. Mælikvarðinn samanstendur af sex spurningum sem saman mæla einn undirliggjandi þátt. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0-10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikðið 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Í skólanum mínum...

- Liður 1: Líður mér eins og ég sé skilin(n) útundan.
- Liður 2: Á ég auðvelt með að eignast vini.
- Liður 3: Tilheyri ég hópnum.
- Liður 4: Líður mér kjánalega og eins og ég passi ekki við hina.

- Liður 5: líkar öðrum vel við mig.
- Liður 6: er ég einmana.
- Liður 7: er ég hamingjusöm/hamingjusamur.
- Liður 8: er allt í besta lagi.
- Liður 9: er ég sátt(ur).

3.2 Samband nemenda við kennara

Lýsing: Mælikvarðinn sem notaður er til að meta hve jákvætt sambandið er milli nemenda og kennara í skólanum var þróaður af OECD í PISA 2000 og einnig notaður árið 2003. Mælikvarðinn samanstendur af fimm spurningum sem saman mæla einn undirliggjandi þátt. Hann er normaldreifður frá 0-10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Ef þú hugsar um kennarana í skólanum þínum: Hve sammála ertu eftirfarandi setningum?

- Liður 1: Nemendum semur vel við flesta kennara.
- Liður 2: Flestir kennarar eru áhugasamir um að nemendum líði vel.
- Liður 3: Flestir kennararnir mínir hlusta vel á það sem ég hef að segja.
- Liður 4: Ef mig vantar auka aðstoð þá fæ ég hana frá kennurunum mínum.
- Liður 5: Flestir kennararnir mínir eru sanngjarnir við mig.

3.3 Agi í tímum

Lýsing: Agi í tímum er einn af þeim þáttum sem endurspeglar vel þann vinnuanda sem ríkir í skólanum. Mælikvarðinn kemur úr PISA 2000 og 2003 og er aðlagður fyrir Skólaláttinn þannig að staðhæfingarnar eiga við um kennslutíma almennt. Mælikvarðinn samanstendur af fimm spurningum sem saman mæla einn undirliggjandi þátt. Hann er normaldreifður frá 0-10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Hve oft gerist eftirfarandi í kennslutímum hjá þér?

- Liður 1: Kennarinn þarf að bíða lengi eftir því að nemendur róist.
- Liður 2: Nemendur geta ekki unnið vel.
- Liður 3: Nemendur hlusta ekki á það sem kennarinn segir.
- Liður 4: Nemendur byrja ekki að vinna fyrr en langt er liðið á kennslustundina.
- Liður 5: Það er hávaði og óróleiki.

3.4 Virk þátttaka nemenda í tímum

Lýsing: Virk þátttaka nemenda í tímum er mæld með fjórum spurningum sem mæla einn undirliggjandi þátt sem gefa til kynna hversu oft nemendur fá tækifæri til að tjá skoðanir sínar og taka þátt í opnum og skipulögðum umræðum um námsefnið. Aðferðin við að meta virka

Þátttöku nemenda í tímum var þróuð af OECD í PISA 2006. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0-10 með meðaltalið 5 og staðalfrávik 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Hve oft gerist eftirfarandi í kennslutímum hjá þér?

- Liður 1: Nemendur fá tækifæri til að útskýra hugmyndir sínar.
- Liður 2: Í tímum fá nemendur tækifæri til að koma skoðunum sínum um ákveðin viðfangsefni á framfæri.
- Liður 3: Í bekknum eru haldnar kappræður eða skipulagðar umræður.
- Liður 4: Nemendur ræða saman um námsefnið.

3.5 Mikilvægi heimavinnu í náminu

Lýsing: Aðferðin við að meta mikilvægi heimavinnu í náminu var þróuð í PISA verkefninu árið 2000. Mælikvarðinn samanstendur af fjórum spurningum sem í sameiningu gefa til kynna hversu mikilvæg heimavinnan er í náminu bæði hjá kennurum og nemendum. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0-10 með meðaltalið 5 og staðalfrávik 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Hversu oft eiga eftirfarandi setningar við um þig?

- Liður 1: Ég klára heimavinnuna mína á réttum tíma.
- Liður 2: Kennararnir fara yfir heimavinnuna mína.
- Liður 3: Ég fæ heimaverkefni sem mér finnst áhugaverð.
- Liður 4: Heimavinnan mín er hluti af lokaeinkunn.

Viðauki 3: Foreldrakönnun – útskýringar á spurningum

1. NÁM OG KENNSLA

1.1 Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum

Lýsing: Mælikvarðinn byggir á viðhorfum foreldra til tíu staðhæfinga um skólann. Þær fjalla um gæði skólans, kennslunnar og námsins. Mælikvarðinn tekur gildi frá 0 til 10 og er normaldreifður með meðaltal 5 og staðalfrávik 2.

Að hve miklu leyti ertu sammála eftirfarandi staðhæfingum?

- Liður 1: Flestir kennararnir virðast hæfir og metnaðarfullir
- Liður 2: Gerðar eru miklar kröfur um námsárangur í skólanum
- Liður 3: Ég er almennt ánægð(ur) með námsefnið sem kennt er í skólanum
- Liður 4: Ég er almennt ánægð(ur) með kennsluaðferðirnar sem notaðar eru í skólanum
- Liður 5: Ég er ánægð(ur) með hvernig tekið er á agavandamálum í skólanum
- Liður 6: Skólinn fylgist grannt með námsárangri

- Liður 7: Skólinn veitir reglulega gagnlegar upplýsingar um námsárangur nemenda
- Liður 8: Skólinn stendur sig vel í að mennta nemendur
- Liður 9: Námslegum þörfum nemenda er mætt
- Liður 10: Námið í skólanum eflir félagsþroska nemenda

1.2 Nám í takt við grunnstoðir aðalnámsskrár að mati foreldra

Lýsing: Mælikvarðinn byggir á sex staðhæfingum sem foreldrar taka afstöðu til og fjalla um hve vel skólinn uppfyllir hinar sex grunnstoðir aðalnámsskrár grunnskóla: Lýðræði, sköpun, jafnrétti, umhverfisvitund, læsi og velferð. Mælikvarðinn tekur gildi frá 0 til 10 og er normaldreifður með meðaltal 5 og staðalfrávik 2.

Að hve miklu leyti ertu sammála eftirfarandi staðhæfingum um skólastarfið almennt?
Skólastarfið ...

- Liður 1: ... er lýðræðislegt
- Liður 2: ... veitir barninu tækifæri til að vera skapandi í náminu
- Liður 3: ... eykur skilning nemenda á jafnrétti
- Liður 4: ... eflir vitund nemenda um umhverfismál
- Liður 5: ... stuðlar að læsi og færni nemenda í víðum skilningi
- Liður 6: ... stuðlar að heilbrigði og velferð

1.3 Ánægja foreldra með stjórnun skólans

Lýsing: Foreldrar eru spurðir hve vel þeir telja skólanum vera stjórnað. Reiknað er hlutfall foreldra sem telur honum vera vel eða mjög vel stjórnað.

Telur þú að skólanum sé vel eða illa stjórnað?

1.4 Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra

Lýsing: Foreldrar eru spurðir hvort þeir telja verkefnin í skólanum of þung, hæfilega þung eða of létt. Reiknað er hlutfall foreldra sem telja þyngdina hæfilega.

Telur þú að verkefnin sem barnið fær í skólanum séu of þung, hæfileg eða of létt?

1.5 Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra

Lýsing: Foreldrar eru spurðir hvort þeim þyki agi í skólanum vera of mikill, hæfilegur eða of lítill. Reiknað er hlutfall foreldra sem telja aga hæfilegan í skólanum.

Finnst þér agi í skólanum vera...

2. VELFERÐ NEMENDA

2.1 Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur

Lýsing: Mælikvarðinn byggir á þremur spurningum þar sem foreldrar eru spurðir hversu ánægðir þeir eru með samskipti starfsfólks skólans við barnið sitt. Mælikvarðinn tekur gildi frá 0 til 10 og er normaldreifður með meðaltal 5 og staðalfrávik 2.

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með samskipti starfsfólks skólans við barnið þitt?

- Liður 1: Umsjónarkennara
- Liður 2: Annarra kennara
- Liður 3: Annars starfsfólks skólans

2.2 Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda

Lýsing: Foreldrar eru spurðir hversu ánægðir þeir séu með það hvernig skólinn kemur til móts við þarfir barnsins. Reiknað er hlutfall foreldra sem eru mjög eða frekar ánægðir.

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með hvernig skólinn kemur til móts við þarfir barnsins?

2.3 Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt

Lýsing: Foreldrar eru spurðir hve vel þeir telja að börnum þeirra líði í skólanum, í kennslustundum og í frímínútum. Reiknað er hlutfall foreldra sem telja að börnunum líði frekar eða mjög vel.

Hversu vel eða illa telurðu að barninu líði almennt í skólanum

2.4 Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt

Lýsing: Foreldrar eru spurðir hve vel þeir telja að börnum þeirra líði í skólanum, í kennslustundum og í frímínútum. Reiknað er hlutfall foreldra sem telja að börnunum líði frekar eða mjög vel.

Hversu vel eða illa telurðu að barninu líði almennt í kennslustundum

2.5 Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt

Lýsing: Foreldrar eru spurðir hve vel þeir telja að börnum þeirra líði í frímínútum. Reiknað er hlutfall foreldra sem telja að börnunum líði frekar eða mjög vel.

Hversu vel eða illa telurðu að barninu líði almennt í frímínútum

2.6 Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra

Lýsing: Foreldrar eru spurðir hvort barnið hafi orðið fyrir einelti í skólanum. Reiknað er hlutfall foreldra sem segja svo vera á þessu skólaári.

Hefur barnið þitt orðið fyrir einelti í skólanum?

2.7 Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum

Lýsing: Foreldrar sem segja barnið hafa orðið fyrir einelti eru spurðir hvernig þeim fannst tekið á eineltinu af hálfu skólans. Reiknað er hlutfall foreldra sem telja að tekið hafi verið frekar eða mjög vel á því.

Hvernig fannst þér tekið á eineltinu af hendi skólans?

2.8 Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum

Lýsing: Foreldrar sem segja barnið hafa orðið fyrir einelti eru spurðir hve fljótt þeim fannst tekið á eineltinu af hálfu skólans. Reiknað er hlutfall foreldra sem telja að tekið hafi verið frekar eða mjög fljótt á því.

Hve fljótt fannst þér brugðist við eineltinu af hálfu skólans?

2.9 Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans

Lýsing: Foreldrar eru spurðir hvort þeir telja unnið vel eftir eineltisáætlun skólans. Bæði þeir sem segja barnið hafa orðið fyrir einelti og einnig þeir sem segja það ekki hafa orðið fyrir einelti. Reiknað er hlutfall foreldra sem telja unnið mjög eða frekar vel eftir áætluninni.

Telur þú að unnið sé vel eða illa eftir eineltisáætlun skólans?

2.10 Meðaltímabil eineltis

Lýsing: Foreldrar sem segja barnið hafa orðið fyrir einelti eru spurðir hve lengi það stóð yfir. Reiknaður er vigtaður meðalfjöldi ára sem einelti hefur staðið yfir hjá hverjum nemanda. Valmöguleikinn skemur en eitt ár telur sem hálf ár í vigtuninni.

Hversu lengi stóð eineltið yfir?

2.11 Staðir innan skólans sem einelti á sér stað

Vinsamlegast merktu við allt sem við á:

- Liður 1: Á netinu/GSM
- Liður 2: Í frímínútum innandyra
- Liður 3: Í kennslustundum
- Liður 4: Í frímínútum á skólalóð
- Liður 5: Í íþróttatímum
- Liður 6: Í búningsklefum
- Liður 7: Í hádegisstund
- Liður 8: Á leiðinni til og frá skóla
- Liður 9: Annars staðar

3. AÐSTAÐA OG ÞJÓNUSTA

3.1 Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum

Lýsing: Mælikvarðinn byggir á níu staðhæfingum sem foreldrar taka afstöðu til og fjalla um aðstöðu í skólanum, um frímínútur, matartíma, tómsundaiðkun, tölvur, kennslustofur, list- og verkgreinar, íþróttir og ástand húsnæðis. Mælikvarðinn tekur gildi frá 0 til 10 og er normaldreifður með meðaltal 5 og staðalfrávik 2.

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með eftirfarandi í skólanum?

- Liður 1: Gæslu/eftirlit í frímínútum

- Liður 2: Aðstöðu fyrir nemendur á skólalóð í frímínútum
- Liður 3: Aðstöðu fyrir nemendur innandyra í frímínútum
- Liður 4: Aðstöðu til að matast
- Liður 5: Möguleika á tómsundaiðkun að loknum skóladegi
- Liður 6: Aðgang nemenda að tölvum í skólanum
- Liður 7: Aðbúnað í almennum kennslustofum
- Liður 8: Aðstöðu fyrir list- og verkgreinar
- Liður 9: Aðstöðu til íþróttakennslu
- Liður 10: Ástand skólahúsnaðis almennt

3.2 Ánægja foreldra með tómsundapjónustu/frístundaheimili

Lýsing: Mælikvarðinn byggir á sjö staðhæfingum sem foreldrar taka afstöðu til og fjalla um tómsundapjónustu/frístundaheimili á vegum skólans. Aðeins foreldrar sem nýta þjónustuna eru spurðir.

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með tómsundapjónustuna/frístundaheimilið varðandi eftirfarandi þætti:

- Liður 1: Líðan barnsins
- Liður 2: Eftirlit með starfinu
- Liður 3: Samskipti mín við starfsfólkið
- Liður 4: Samskipti barnsins við starfsfólkið
- Liður 5: Dagleg viðfangsefni barnanna
- Liður 6: Húsnæðið/aðstöðuna
- Liður 7: Verð þjónustunnar

3.3 Hlutfall nemenda í tómsundapjónustu/frístundaheimili

Lýsing: Foreldrar barna á grunnstigi eru spurðir hvort barnið sæki tómsundapjónustu á vegum skólans (lengd viðvera) eða frístundaheimili (skólavistun) á vegum skólans að loknum skóladegi. Reiknað er hlutfall nemenda með slíka þjónustu.

Ef þú hugsar um þetta skólaár, hefur barnið þitt sótt tómsundapjónustu á vegum skólans (lengd viðvera) eða frístundaheimili (skólavistun) á vegum skólans að loknum skóladegi?

3.4 Ástæður þess að tómsundapjónusta/frístundaheimili er ekki notað

Vinsamlegast merktu við allt sem við á:

- Liður 1: Of mikill akstur
- Liður 2: Of dýr
- Liður 3: Hef ekki fengið pláss
- Liður 4: Óánægð/ur með starfsemina
- Liður 5: Óánægð/ur með starfsfólkið
- Liður 6: Óánægð/ur með aðstöðu/húsnæði
- Liður 7: Áherslur í námsgreinum

- Liður 8: Annað, hvað?

3.5 Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti

Lýsing: Foreldrar barna sem nýta mötuneyti skólans eru spurðir hversu ánægðir þeir eru með máltíðirnar. Reiknað er hlutfall foreldra sem eru mjög eða frekar ánægðir.

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með máltíðirnar sem barnið þitt fær?

3.6 Notkun á mötuneyti

Lýsing: Foreldrar eru spurðir hvort börn þeirra borði heitan mat í hádeginu í skólanum. Reiknað er hlutfall barna sem það gera.

Er barnið þitt í fæði hjá mötuneyti skólans í hádeginu?

3.7 Ástæður þess að nemendur nýta ekki mötuneyti

Lýsing: Foreldrar barna sem ekki nýta mötuneyti eru spurðir um helstu ástæðu þess. Reiknað er hlutfall fyrir fimm ástæður, þ.e. ekki sé mötuneyti í skólanum, börn með ofnæmi eða mataróþol, matvendi barna, verðið og óánægju með matseðil/máltíðir. Tilgreint er hlutfall fyrir hverja ástæðu. Valmöguleikinn *verð* er valinn sérstaklega til frekari skoðunar.

4. FORELDRASAMSTARF

4.1 Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi

Lýsing: Mælikvarðinn byggir á fimm staðhæfingum sem foreldrar taka afstöðu til og fjalla um frumkvæði kennara skólans að samstarfi við þá. Mælikvarðinn tekur gildi frá 0 til 10 og er normaldreifður með meðaltal 5 og staðalfrávik 2. Mælikvarðanum er umbreytt með Logarithmafalli til að draga fram samhverfa dreifingu á svörum.

Hve oft hefur eftirfarandi gerst á þessu skólaári? Kennari barnsins míns ...

- Liður 1: ... hafði samband við mig (t.d. með orðsendingu, símtali, tölvupósti)
- Liður 2: ... bað mig að aðstoða það við heimanámið
- Liður 3: ... bað mig að fylgjast með heimanámi þess
- Liður 4: ... bað mig að ræða við það um skóladaginn
- Liður 6: ... bað mig að mæta á viðburð í skólanum
- Liður 7: ... bað mig að hjálpa til í skólanum

4.2 Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur

Lýsing: Foreldrar eru spurðir hvort þeir telja sig hafa áhrif á ákvarðanir sem teknar eru í skólanum varðandi barnið. Reiknað er hlutfall foreldra sem telja sig hafa frekar eða mjög mikil áhrif.

Telurðu að þú hafir almennt mikil eða lítil áhrif þegar teknar eru ákvarðanir í skólanum varðandi barnið þitt?

4.3 Leitað eftir ábendingum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingum:

- Liður 1: Skólinn/kennarinn leitar eftir mínum tillögum og hugmyndum varðandi ákvarðanir sem varða barnið mitt
- Liður 2: Ábendingar mínar eru teknar til greina

4.4 Þættir í skólastarfinu sem foreldrar hafa áhrif á.

Vinsamlegast merktu við allt sem við á:

- Liður 1: Foreldrasamskipti
- Liður 2: Félags- og tómstundastarf
- Liður 3: Stjórnun og stefnumótun
- Liður 4: Kennslufyrirkomulag
- Liður 5: Val á námsefni
- Liður 6: Námshraði
- Liður 7: Áherslur í námsgreinum
- Liður 8: Agamál
- Liður 9: Annað, hvað?

4.5 Þættir í skólastarfinu sem foreldrar vilja hafa meiri áhrif á.

Vinsamlegast merktu við allt sem við á:

- Liður 1: Foreldrasamskipti
- Liður 2: Félags- og tómstundastarf
- Liður 3: Stjórnun og stefnumótun
- Liður 4: Kennslufyrirkomulag
- Liður 5: Val á námsefni
- Liður 6: Námshraði
- Liður 7: Áherslur í námsgreinum
- Liður 8: Agamál
- Liður 9: Annað, hvað?

4.6 Ánægja með síðasta foreldraviðtal

Lýsing: Foreldrar eru spurðir hve ánægðir þeir séu með síðasta foreldraviðtal. Reiknað er hlutfall foreldra sem eru frekar eða mjög ánægðir.

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með síðasta foreldraviðtal/samtal sem þú fórst í?

4.7 Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali

Vinsamlegast merktu við allt sem við á: Hvað var rætt í foreldraviðtalinu/samtalinu?

- Liður 1: ... framgangur náms
- Liður 2: ... sameiginlegar ákvarðanir um skólagöngu barnsins
- Liður 3: ... niðurstöður prófa/skimana
- Liður 4: ... líðan barnsins
- Liður 6: ... annað

4.8 Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum

Lýsing: Foreldrar eru spurðir hvort þeir hafi tekið þátt í gerð námsáætlunar fyrir barnið. Reiknað er hlutfall foreldra sem þáð hafa gert, einu sinni eða oftar.

Hefur þú tekið þátt í gerð námsáætlunar með barninu þínu (t.d. markmið um heimanám eða námsárangur)?

4.9 Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra

Lýsing: Foreldrar eru spurðir hve mikilvægt þeim þyki að gera námsáætlun með barninu. Reiknað er hlutfall foreldra sem telja það frekar eða mjög mikilvægt.

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með síðasta foreldraviðtal/samtal sem þú fórst í?

4.10 Ánægja foreldra með heimasíðu skólans

Lýsing: Foreldrar eru spurðir hvort þeir telja upplýsingar á heimasíðu skólans gagnlegar. Reiknað er hlutfall foreldra sem telja þær frekar eða mjög gagnlegar

Telur þú upplýsingar á heimasíðu skólans gagnlegar?

4.11 Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá

Lýsing: Foreldrar eru spurðir hvort þeir telja sig upplýsta um stefnu skólans og námskrá. Reiknað er hlutfall foreldra sem telja sig vera frekar eða mjög upplýstir. Spurningin er upprunalega úr foreldrakönnun Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur, sem stýrt var af Hildi Björk Svavarsdóttur. Spurningunni hefur verið breytt lítilega og aðlöguð að foreldrakönnun Skólapúlsins. Niðurstöður fyrir hvern svarmöguleika eru aðgengilegar með því að smella á nafn viðkomandi skóla hér fyrir neðan.

Telur þú þig vera upplýsta/n um stefnu skólans, aðalnámskrá og skólanámskrá?

5 HEIMASTUÐNINGUR**5.1 Virkni foreldra í námi barna sinna**

Lýsing: Mælikvarðinn byggir á átta staðhæfingum sem foreldrar taka afstöðu til og fjalla um samskipti foreldra vegna náms barns síns. Mælikvarðinn tekur gildi frá 0 til 10 og er normaldreifður með meðaltal 5 og staðalfrávik 2.

5.2. Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið

Lýsing: Mælikvarðinn byggir á fjórum staðhæfingum þar sem foreldrar tilgreina hvort barn þeirra sækist eftir aðstoð frá þeim vegna námsins. Mælikvarðinn tekur gildi frá 0 til 10 og er normaldreifður með meðaltal 5 og staðalfrávik 2.

5.3 Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í námi

Lýsing: Mælikvarðinn byggir á fjórum staðhæfingum þar sem foreldrar tilgreina hvort barn þeirra sækist eftir aðstoð frá þeim vegna námsins. Mælikvarðinn tekur gildi frá 0 til 10 og er normaldreifður með meðaltal 5 og staðalfrávik 2.

5.4. Hæfileg heimavinna að mati foreldra

Lýsing: Foreldrar eru spurðir hvort þeim þyki heimavinna barnsins of mikil, hæfileg eða of lítil. Reiknað er hlutfall foreldra sem telja það hæfilegt.

5.5. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám

Lýsing: Foreldrar eru spurðir hve miklum tíma á dag þeir verja í að aðstoða barnið með heimanám að meðaltali. Reiknað er hlutfall foreldra við skólann sem verja meira en 15 mínútum á dag.

5.6 Væntingar foreldra um menntunarstig barns síns

Lýsing: Foreldrar eru spurðir hvaða námsgráðu þeir eiga von á að barn þeirra ljúki. Sýnt er hlutfall fyrir háskólanám.